



B.Sc. í Viðskiptafræði / Viðskiptafræði með lögfræði sem aukagrein
Viðskiptadeild

Áhrif sjálfbærni á rekstur þriggja stærstu
viðskiptabanka Íslands

Maí, 2022

Nafn nemanda: Gabríella Rán Hlynsdóttir

Kennitala: 280201 – 3080

Nafn nemanda: Vilborg Rós Vilhjálmsdóttir


Kennitala: 290398 – 2749

Leiðbeinandi: Heiðar Snær Jónasson

Yfirlýsing um heilindi í rannsóknarvinnu

Verkefni þetta hefur hingað til ekki verið lagt inn til samþykkis til prófgráðu, hvorki hérlendis né erlendis. Verkefnið er afrakstur rannsókna undirritaðra, nema þar sem annað kemur fram og þar vísað til skv. heimildaskráningarstaðli með stöðluðum tilvísunum og heimildaskrá.

Með undirskrift minni staðfesti ég og samþykki að ég hafi lesið siðareglur og reglur Háskólans í Reykjavík um verkefnavinnu og skilji þær afleiðingar sem brot þessara reglna hafa í för með sér hvað varðar verkefni þetta.

13. maí 2022	280201-3080	Gabriella Rán
Dagsetning	Kennitala	Undirskrift
13. maí 2022	290398-2749	
Dagsetning	Kennitala	Undirskrift

Útdráttur

Sjálfbærni hefur undanfarin ár öðlast meira mikilvægi í fyrirtækjarekstri og hafa samfélög í heild sinni orðið mun meðvitaðri sökum vitundarvakningar allt frá aldamótum. Áhrif fyrirtækja á umhverfið eru gríðarleg og því hafa mörg fyrirtæki á síðustu áratugum hafið innleiðingu á sjálfbærni inn í rekstur sinn og er sjálfbærni jafnvel orðin hluti af kjarnastarfsemi fyrirtækja. Í fyrirtækjarekstri snýst sjálfbærni um að innleiða skilgreinda þætti er snúa að umhverfismálum, félagslegum þáttum, stjórnarháttum og hagsæld, svokölluðum UFS þáttum.

Framkvæmd voru þrjú hálf-stöðluð viðtöl við sérfræðinga á sviði sjálfbærnimála hjá þrem stærstu viðskiptabönkum Íslands en þeir eru Íslandsbanki, Arion banki og Landsbankinn. Markmið rannsóknarinnar var að öðlast skilning á hver áhrifin verða af því að innleiða og stuðla að sjálfbærni í bankastarfsemi, þar sem greint verður frá helstu kostnaðarliðum og ávinningi sem hlýst af sjálfbærni í rekstri íslenskra viðskiptabanka. Ritgerð þessi byggir því að mestu leyti á viðtölunum þremur ásamt fleiri útgefnum gögnum af Íslandsbanka, Arion banka og Landsbankanum.

Niðurstöður þessarar rannsóknar leiddu í ljós að helstu áhersluþættir bankanna þriggja haldast í hendur. Allir hafa þeir valið sér ákveðin heimsmarkmið til þess að leggja megináherslu á og hafa bankarnir í fleiri en einu tilfalli valið sér sömu markmiðin. Þá telja allir bankar UFS staðlaða vera lykilatriði í sinni sjálfbærnistefnu. Aðrar niðurstöður sýndu að helstu kostnaðarliðir við innleiðingu og við að viðhalda sjálfbærni í rekstri bankanna eru einnig margir þeir sömu en allir viðmælendur töldu að þrátt fyrir mikla vinnu og viðbættum kostnaði þá vegi ávinningurinn við að innleiða og stuðla að sjálfbærni í rekstri meira en kostnaður.

Lykilorð: *Sjálfbærni, heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, UFS, viðskiptabankar, kostnaður, ávinningur.*

Formáli

Ritgerð þessi er 12 ECTS einingar og er lokaverkefni til B.Sc. gráðu í viðskiptafræði og viðskiptafræði með lögfræði sem aukagrein við Háskólann í Reykjavík. Höfundar þessarar ritgerðar eru Gabríella Rán Hlynsdóttir og Vilborg Rós Vilhjálmsdóttir og var hún skrifuð undir leiðsögn Heiðars Snæs Jónassonar og þakka höfundar honum kærlega fyrir frábæra leiðsögn. Einnig þakka höfundar Bjarna Herrera Þórisssyni fyrir leiðsögn og viðmælendum sem tóku þátt í rannsókn ritgerðarinnar, kærlega fyrir þátttökuna. Rannsóknarefni þessarar ritgerðar er ávinningur og kostnaður þess að innleiða og viðhalda sjálfbærni í rekstri þriggja stærstu viðskiptabanka á Íslandi.

Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Fræðikafli	3
2.1	Sjálfbærni	3
2.2	Samfélagsábyrgð	4
2.3	Heimsmarkmiðin	5
2.4	Ábyrg bankastarfsemi	6
2.5	Þrefalda rekstrarniðurstaðan	8
2.6	UFS staðlar	8
2.7	Stærstu viðskiptabankar Íslands og bankahrunið	10
2.8	Grænþvottur	11
3	Aðferðafræði	12
3.1	Aðferð	12
3.2	Viðmælendur	12
3.3	Framkvæmd	13
3.4	Mælitæki	13
4	Niðurstöður	14
4.1	Íslandsbanki	14
4.2	Arion banki	18
4.3	Landsbankinn	23
5	Umræða	30
5.1	Sjálfbærnistefnur viðskiptabankanna	30
5.2	Áhrif sjálfbærni á viðskiptamódel bankanna	32
5.3	Kostnaður	34
5.4	Hvatar og ávinningur	35
5.5	Tækifæri	37
6	Lokaorð	39
7	Heimildaskrá	41
8	Viðauki A: Spurningalisti	48

Myndayfirlit

Mynd 1: Pýramídi Carrolls um samfélagslega ábyrgð (Carroll, 1991)	5
Mynd 2: Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (Heimsmarkmiðin, e.d.).....	6
Mynd 3: UFS mælikvarðar (Nasdaq, 2020).....	9
Mynd 4: Heildar kolefnisspor Landsbankans (Landsbankinn, 2021).....	38

Töfluyfirlit

Tafla 1: Þau heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem bankarnir hafa lagt megináherslu á 32

Tafla 2: Helstu kostnaðarliðir við innleiðingu og við að viðhalda sjálfbærni í rekstri 35

1 Inngangur

Sjálfbærni (e. sustainability) hefur hlotið meira vægi í rekstri fyrirtækja og stofnana síðastliðin ár heldur en það hafði fyrir nokkrum áratugum. Með aukinni vitundarvakningu frá stjórnvöldum, menntakerfinu, samfélagsmiðlum og jafnframt fjölmiðlum hefur mikilvægi sjálfbærrar þróunar (e. sustainable development) aukist og neytendur orðnir betur upplýstir um þá vöru og þjónustu sem þeir fá. Því hafa fleiri fyrirtæki innleitt sjálfbærni í rekstur sinn og jafnvel gert sjálfbærni að kjarnastarfsemi sinni og eru viðskiptabankar Íslands þar ekki undanþegnir (Festa, e.d.).

Viðskiptabankar hafa mikilvægu hlutverki að gegna fyrir efnahaginn á Íslandi þar sem þeir einir hafa heimild til þess að taka við innlánnum og sinna almennri viðskiptabankþjónustu, líkt og að veita útlán til einstaklinga og fyrirtækja eða greiðslumiðlun (Fjármála- og efnahagsráðuneytið, 2018). Einnig fylgja viðskiptabankar lögum um rekstur banka en viðskiptabankar skulu vera reknir á heilbrigðan og eðlilegan hátt með hagsmuni hagaðila (e. stakeholders), það er viðskiptavina, hluthafa, stofnfjáreigenda og efnahags Íslands, að leiðarljósi (Lög um fjármálafyrirtæki nr. 161, 2002). Á Íslandi starfa fjórir viðskiptabankar en þeir eru Íslandsbanki, Arion banki, Landsbankinn og Kvika. Viðfangsefni þessarar ritgerðar eru þrjú fyrstnefndu bankarnir, þar sem þeir tilheyra tíu stærstu fyrirtækjum á Íslandi (Keldan, e.d.). Bankastarfsemi er gríðarlega mikilvæg og getur haft mikil áhrif á samfélög og fannst höfundum því áhugavert að skoða megináhrif sjálfbærni á starfsemi þessara þriggja viðskiptabanka á Íslandi.

Viðskiptabankarnir þrjú hafa allir hafið innleiðingu sjálfbærni inn í starfsemi sína og gefa út árs- og sjálfbærnisráskýrslur á hverju ári. Í sjálfbærnisráskýrslunum koma fram áherslur bankanna í sjálfbærni og niðurstöður af árangri þeirra í þeim sjálfbærnimálum sem þeir hafa tekið sér fyrir hendur. Stjórnvöld gerðu það að kröfu árið 2016 að öll félög sem skráð eru í Kauphöll Íslands þurfi að sýna fram á siðferðislega starfsemi og gagnsæja upplýsingagjöf við ársreikningaskil (Lög um ársreikninga nr. 3/2006). Landsbankinn gaf út sína fyrstu sjálfbærnisráskýrslu árið 2011 og hefur gefið slíka skýrslu út öll ár síðan. Íslandsbanki og Arion banki gáfu út sína fyrstu sjálfbærnisráskýrslu árið 2019.

Í þessari ritgerð verða áhrif sjálfbærni á rekstur stærstu viðskiptabanka Íslands rannsökuð. Farið verður yfir kostnaðarliði og ávinning þess að innleiða og stuðla að sjálfbærni í rekstri. Einblínt verður á fjárhagsleg áhrif sjálfbærni í bankastarfsemi en einnig verður fjallað um þau samfélagslegu- og umhverfisáhrif sem sjálfbærni kann að hafa en þá aðallega í gegnum

lánveitingar og fjármögnun viðskiptabankanna þriggja. Rannsóknarspurning þessarar ritgerðar er eftirfarandi:

Vegur kostnaður þyngra en ávinningur við innleiðingu og við að viðhalda sjálfbærni í rekstri?

Reynt verður að svara spurningunni fyrst með fræðilegri umfjöllun um þá helstu þætti sem viðkoma sjálfbærni og bankastarfsemi ásamt því að gerð verður grein fyrir viðskiptabönkunum þremur og sögu þeirra. Því næst verður fjallað um viðtöl sem tekin voru við þrjá sérfræðinga í sjálfbærni sem starfa innan viðskiptabankanna þriggja. Að lokum verða viðtölin og önnur fyrirliggjandi gögn sem birt hafa verið af viðskiptabönkunum þremur rýnd í umræðukafla.

2 Fræðikafli

2.1 Sjálfbærni

Fjölmargar skilgreiningar eru til um hugtakið sjálfbærni eða orðasambandið sjálfbær þróun og er því ekki til ein rétt skilgreining. Fyrsta skilgreiningin um sjálfbæra þróun kom fram í skýrslu eftir Gro Harlem Brundtland og skilgreindi hún hugtakið sem þróun sem mætir þörfum samtímans og að þeim sé fullnægt án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að fullnægja sínum þörfum (1987). Sjálfbærni er samspil umhverfis-, samfélags- og efnahagsþátta og er því gríðarstórt hugtak þar sem það nær yfir fjölmarga þætti (Landvernd, e.d.).

Þegar litið er til sjálfbærni í fyrirtækjarekstri þá eru þrjár meginstoðir hafðar að leiðarljósi en þær hafa svipuð meginþemu og þættirnir þrír í sjálfbærni, þær meginstoðir eru: fólk (e. people), umhverfi (e. planet) og hagsæld (e. prosperity). Sem dæmi þá þurfa fyrirtæki að huga að starfsfólki og jöfnuði í launum. Einnig þurfa fyrirtæki að huga að nýtingu á náttúruauðlindum í starfsemi og afla meiri tekna en nemur útgjöldum. („Sjálfbærni er forsenda samkeppnishæfni“, 2021).

Umhverfisáhrif fyrirtækja eru gríðarleg og er hægt að rekja mikla losun gróðurhúsalofttegunda og minnkun líffræðilegrar fjölbreytni síðustu áratugi til starfsemi þeirra (Umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytið, 2020). Umhverfisáhrif fyrirtækja takmarkast þó ekki við losun gróðurhúsalofttegunda heldur eru margir þættir sem koma við sögu. Því er mikilvægt fyrir fyrirtæki að notast við mismunandi mælikvarða og huga að eðli starfseminnar. Mælikvarðar sem allir viðskiptabankar hérlendis styðjast við eru UFS staðlar (e. ESG rating). Staðlarnir aðstoða fyrirtæki við að sjá hvar áherslur þeirra eiga að liggja út frá hvar þeir geta haft sem mestu áhrif (The Investopedia Team, 2022). UFS stendur fyrir umhverfi (e. environmental), félagslega þætti (e. social) og stjórnarhætti (e. governance) og nýtast því bönkum einnig við skoðun félagslega þátta og stjórnarháttá (Nasdaq, 2020).

Hvað varðar samfélagslega sjálfbærni þá hafa Vallance, Perkins og Dixon sett fram skilgreiningu á hugtakinu þar sem því hefur verið skipt í þrjá hluta (2011). Fyrsti hlutinn er þróun (e. development) þar sem lögð er áhersla á að allir þurfi að fá jafnt óháð hvaðan úr heiminum einstaklingar koma eða búa sama hvort það sé í þróunarlöndum eða ekki og má þá nefna þætti eins og hreint vatn, menntun og jafnrétti. Annar hlutinn er brú (e. bridge) en þar er átt við hegðun einstaklinga gagnvart umhverfinu og hvernig hægt sé að mynda betri tengingu á milli einstaklinga og umhverfisins með það markmið að betur sé farið með náttúruna. Þriðji hlutinn er viðhald (e.

maintenance) en með því er átt við allar þær hefðir, siði og venjur sem fólk vill halda í og bæta, þetta eru þeir hlutir sem meðal annars skilgreina lífsgæði fólks.

Efnahagur er síðasti og þriðji þátturinn í umfjöllun um hugtakið sjálfbærni. Fyrir efnahaginn á Íslandi hafa viðskiptabankar mikilvægu hlutverki að gegna (Fjármála- og efnahagsráðuneytið, 2018). En stærsta hlutverk banka í framgangi sjálfbærrar þróunar er að stýra fjármagni og því mestu áhrifin sem þeir geta haft fólgin í fjárfestingum og lánveitingum (Arion banki, 2021).

Að lokum, þó svo fyrirtæki hefji innleiðingu á sjálfbærni geta fyrirtæki alltaf orðið sjálfbærari og því nær sjálfbærnin engum enda heldur verða fyrirtæki ávallt að halda áfram að stuðla að sjálfbærni með stöðugu viðhaldi og þróun („Sjálfbærni er forsenda samkeppnishæfni“, 2021).

2.2 Samfélagsábyrgð

Samfélagsábyrgð (e. social responsibility) er hugtak sem fyrirtæki oft styðjast við í þeim tilgangi að lýsa yfir hverju fyrirtækin bera ábyrgð á og geta gefið til samfélagsins. En hugtakið er nátengt sjálfbærni og styðst við umhverfið, samfélag og stjórnarhætti (Festa, e.d.). Meginábyrgð fyrirtækja er að skila verðmætum til hluthafa (e. shareholders) og er því hagnaður eini tilgangur fyrirtækja, sagði bandaríski hagfræðingurinn Milton Friedman, en hann sagði að fyrirtæki gætu ekki borið samfélagslega ábyrgð heldur einungis lifandi menn (Friedman, 2007).

Kenning Friedman um að fyrirtæki ættu einungis að skila arðsemi til hluthafa hlaut gagnrýni frá fræðimönnum. Archie B. Carroll kom fram með fjögurra laga pýramída sem skilgreinir ítarlega fjórar mismunandi ábyrgðir fyrirtækja. Fyrsta lagið er efnahagsleg ábyrgð (e. economic responsibilities), sem felur í sér að fyrirtæki eigi að skila hagnaði til eigenda, viðhalda sterkri samkeppnisstöðu og veita neytendum vörur og þjónustu. Því er efnahagsleg ábyrgð grunnurinn á pýramídanum eins og sjá má á mynd 1, þar sem efnahagsleg ábyrgð er grunnstoð fyrir því að fyrirtæki séu starfandi. Næsta lag er lagaleg ábyrgð (e. legal responsibilities) sem snýst um að fyrirtæki eigi að framfylgja lögum og reglugerðum. Þessi tiltekna ábyrgð er krafa samfélagsins um að fyrirtæki fari eftir efnahagslegum markmiðum sínum innan lagaramma samfélagsins og því byggir lagið, lagaleg ábyrgð, á efnahagslegri ábyrgð eins og sjá má á mynd 1. Þriðja lagið í pýramídanum er siðferðileg ábyrgð (e. ethical responsibilities) þar sem samfélagið ætlast til þess að fyrirtæki séu sanngjörn, réttlát og komi í veg fyrir skaða. Siðferðileg ábyrgð er því næsta stig á eftir lagalegri ábyrgð eins og sjá má á mynd 1 þar sem lögin ná ekki yfir allt sem telst vera rétt. Því er mikilvægt að fyrirtæki taki siðferðilega ábyrgð gagnvart hogaðilum (e.

Stakeholders) sínum. (Carroll, 1991). Hagaðili er eins og orðið gefur til kynna, aðili sem hefur hagsmuna að gæta. Aðilinn getur haft áhrif á fyrirtækið og eða orðið fyrir áhrifum þess. Starfsemi fyrirtækja hefur áhrif á margskonar aðila, svo sem fjárfesta, starfsmenn, birgja og viðskiptavinir (Fernando, 2021). Fjórða og síðasta lagið er mannúðarábyrgð (e. philanthropic responsibilities), sem er ósk samfélagsins að fyrirtæki leggi sitt af mörkum til samfélagsins. Eins og sjá má á mynd 1 er mannúðarábyrgð toppurinn á pýramídanum og byggist á neðri lögum um efnahagslega-, lagalega- og siðferðislega ábyrgð. Eftir stendur toppurinn um að efla velferð manna. Til dæmis með því að taka virkan þátt í sjálfböðastarfi með því að leggja fram framlög, gefa tíma og sérfræðiþekkingu til hins betra (Carroll, 1991).



Mynd 1: Pýramídi Carrolls um samfélagslega ábyrgð (Carroll, 1991)

2.3 Heimsmarkmiðin

Brýn nauðsyn á sjálfbærum aðgerðum hefur farið vaxandi með árunum vegna áhrifa fólksfjölgunar og ýktra veðurfarsbreytinga um allan heim. Sífelld meiri þörf fyrir aðgerðum stjórnvalda varð að lokum hvatning fyrir lönd að koma saman og finna sameiginlega lausn til þess að vernda jörðina og viðhalda henni fyrir komandi kynslóðir.

Árið 2015 voru heimsmarkmið (e. sustainable development goals) Sameinuðu þjóðanna (e. United Nations) samþykkt af fulltrúum þeirra landa sem tilheyra Sameinuðu þjóðunum en þau eru nú 193 talsins. Sett voru 17 markmið og 169 undirmarkmið og gilda þau frá árinu 2016 til ársins 2030. Hér að neðan má sjá á mynd 2 þau 17 aðalmarkmið sem fulltrúar Sameinuðu þjóðanna samþykktu. Markmiðin eru órjúfanleg og algild og hafa því aðildarríki skuldbundið sig til innleiðingar á markmiðunum. Í heimsmarkmiðunum felst jafnvægi á milli þeirra þriggja stöða sem sjálfbær þróun felur í sér en þær eru eftirfarandi: efnahagslegir-, umhverfislegir- og félagslegir þættir. Innan heimsmarkmiðanna ríkja einnig fimm meginþemu en þau eru mannkynið, jörðin, hagsæld, friður og samstarf og fela þau í sér mikilvægi þess að enginn sé skilinn eftir, hvorki hópur eða einstaklingur og þar af leiðandi mikilvægt að markmiðin séu innleidd á heildstæðan máta (Heimsmarkmiðin, e.d.). Festa, miðstöð um sjálfbærni og samfélagsábyrgð, vinnur í samstarfi með stjórnvöldum um kynningu á heimsmarkmiðunum fyrir öll þau íslensku fyrirtæki og stofnanir, ásamt því að veita ráðgjöf við innleiðingu á sjálfbærni og samfélagsábyrgð. Félagar Festu eru 166 talsins og eru Íslandsbanki, Landsbankinn og Arion banki þar á meðal (Festa, e.d.).



Mynd 2: Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (Heimsmarkmiðin, e.d.)

2.4 Ábyrg bankastarfsemi

Ábyrg bankastarfsemi er staðlaður rammi sem tryggir að stefna og starfshættir banka fylgist að framtíðarsýn þeirra jafnt sem kröfur um Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og

Parísarsamkomulagið (e. the Paris Agreement). Ramminn um ábyrga bankastarfsemi var stofnaður árið 2019 í samstarfi við stofnbanka og Sameinuðu þjóðirnar. Þeir bankar sem skuldbinda sig að ábyrgri bankastarfsemi þurfa að fylgja sex meginreglum (e. principles) rammans. Þær meginreglur eru samræming (e. alignment), áhrif og markmið (e. impact and target setting), viðskiptavinir (e. clients and customer), hagsmunaraðilar (e. stakeholders), stjórnarhættir og menning (e. governance and culture) og gagnsæi og ábyrgð (e. transparency & accountability) (United Nations Environment Programme, e.d.). Íslandsbanki, Arion banki og Landsbankinn eru allir meðlimir að ábyrgri bankastarfsemi (United Nations Environment Programme, e.d.).

Fyrsta meginregla ábyrgrar bankastarfsemi er samræming, stendur fyrir því að bankar samhæfi viðskiptastefnu sína að þörfum einstaklinga og markmiðum samfélagsins sem fram koma í Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, Parísarsamkomulaginu og því sem viðeigandi er í hverju landi og svæði fyrir sig. Meginregla tvö, áhrif og markmið, stendur fyrir að bankar eigi að hafa jákvæð áhrif og draga úr neikvæðum áhrifum. Auk þess að hafa ráð á áhættu yfir fólki og umhverfinu sem stafar af starfsemi, vöru og þjónustu. Að lokum, að bankar setji og birti markmið um það sem þeir geti haft mestu áhrifin á. Þriðja meginreglan, viðskiptavinir, leggur áherslu á að bankar skuli vinna með viðskiptavinum á ábyrgan hátt og hvetja til sjálfbærra starfshátta. Ásamt því að gera viðskiptavinum kleift að stunda efnahagleg athæfi sem skapar sameiginlega velsæld fyrir núverandi kynslóðir jafnt sem komandi kynslóða. Hagsmunaraðilar, er meginregla fjögur en hún snýst um að bankar hafi frumkvæði og bera ábyrgð á því að ráðfæra sig við hagsmunaaðila. Ásamt því að fást við, og vera í samstarfi með viðkomandi hagsmunaaðilum til þess að ná markmiðum samfélagsins. Fimmta meginreglan, stjórnarhættir og menning, stendur fyrir því að bankar eigi að framkvæma skuldbindingarnar sínar við þessar meginreglur með skilvirkum stjórnarháttum og með menningu ábyrgrar bankastarfsemi að leiðarljósi. Síðasta meginreglan er gagnsæi og ábyrgð en hún stuðlar að því að bankar skuli reglubundið endurskoða stöku og heildar innleiðingu þessara meginreglna. Ásamt því að vera gagnsæ og ábyrg fyrir bæði jákvæðum og neikvæðum áhrifum sem verða af starfseminni.

Bankar sem eru meðlimir að ábyrgri bankastarfsemi þurfa að innleiða þessar sex meginreglur þvert á viðskiptasvið, í stefnumótun, eignarsafn og viðskipti (e. transactional) bankanna (United Nations Environment Programme, e.d.).

2.5 Prefalda rekstrarniðurstaðan

Hin þrefalda rekstrarniðurstaða (e. triple bottom line) stendur fyrir því að fyrirtæki eigi ekki einungis að huga að fjárhagsniðurstöðu fyrirtækisins, það er að segja hagnaði þess eða tapi heldur einnig mæla hvernig fyrirtækið er að standa sig í samfélagslegri ábyrgð og umhverfisáhrifum þess (Slack og Brandon-Jones, 2019). John Elkington kom fram með hina þreföldu rekstrarniðurstöðu þar sem hann taldi að fyrirtæki ættu að skila ítarlegri upplýsingum um rekstur fyrirtækja til hagaðila heldur en áður var þekkt (Festa, e.d.). Þegar litið er til hugtaksins sjálfbærni má sjá að þrefalda rekstrarniðurstaðan er með sömu meginþemu en eins og fram kom áður í þessum kafla þá eru þau umhverfi, samfélag og efnahagur (Landvernd, e.d.). En þemu þreföldu rekstrarniðurstöðurnar eru nátengd og skiptast í fólk (e. people), jörð (e. planet) og hagnað (e. profit) og stundum kölluð P-in þrjú (Slack og Brandon-Jones, 2019). Þessir þrjú þættir vega þungt í rekstri fyrirtækja í dag og hafa einnig bein og óbein áhrif á hvort annað. Í dag gefa allir viðskiptabankar hérlendis út þrjár rekstrarniðurstöður út frá sjálfbærnisráðgjöf sínum sem eru birtar á heimasíðum þeirra.

2.6 UFS staðlar

Mismunandi leiðir eru fyrir fyrirtæki til þess að innleiða sjálfbærni í starfseminna sína, þar sem fjölmargir þættir spila inn í sjálfbærni og er því mikilvægt fyrir fyrirtæki að velja sér áhersluþætti til þess að einblína á. Í þessari ritgerð verður fjallað um UFS staðla þar sem viðskiptabankarnir þrjú, Íslandsbanki, Arion banki og Landsbankinn styðjast allir við þá í sjálfbærnisráðgjöf sínum. UFS stendur fyrir umhverfi, félagslegir þættir og stjórnarhættir. Í hverjum flokki eru tíu undirflokkar sem tilgreina nánar um þátttöku fyrirtækja í átt að sjálfbærni, sjá má undirflokkana á mynd 3 hér að neðan (Nasdaq, 2020).

 Umhverfi	 Félagslegir þættir	 Stjórnarhættir
E1. Losun gróðurhúsalofttegunda	S1. Launahlutfall forstjóra	G1. Kynjahlutfall í stjórn
E2. Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda	S2. Launamunur kynja	G2. Óhæði stjórnar
E3. Orkunotkun	S3. Starfsmannavelta	G3. Kaupaukar
E4. Orkukræfni	S4. Kynjafjölbreytni	G4. Kjarasamningar
E5. Samsetning orku	S5. Hlutfall tímabundinna starfskrafta	G5. Siðareglur birgja
E6. Vatnsnotkun	S6. Aðgerðir gegn mismunun	G6. Siðferði og aðgerðir gegn spillingu
E7. Umhverfisstarfsemi	S7. Vinnuslysatíðni	G7. Persónuvernd
E8. Loftslagseftirlit/stjórn	S8. Hnatræn heilsa og öryggi	G8. Sjálfbærnisráðsla
E9. Loftslagseftirlit/stjórnendur	S9. Barna- og nauðungarvinna	G9. Starfsvenjur við upplýsingagjöf
E10. Mildun loftslagsáhrættu	S10. Mannréttindi	G10. Gögn tekin út/sannreynd af ytri aðila

Mynd 3: UFS mælikvarðar (Nasdaq, 2020).

Í skýrslu frá árinu 2020 sem gefin var út af World Economic Forum hefur hins vegar fjórða þætti verið bætt við UFS og er sá þáttur hagsæld. Í þessari sömu skýrslu hafa stjórnarhættir verið skilgreindir á þann hátt að stöðug þróun sé á stjórnarháttum þar sem væntingar til fyrirtækja um að skilgreina tilgang sinn og hafa hann að leiðarljósi í gegnum alla starfsemi hafa sífelld aukist. En lög og reglur um stofnanir (e. principles of agency), ábyrgð (e. accountability) og ráðsmennsku (e. stewardship) eru enn nauðsynlegar hvað varðar stjórnarhætti. Umhverfi er skilgreint sem vilji til þess að vernda jörðina frá eyðileggingu (e. degradation) með sjálfbærri neyslu og framleiðslu, sjálfbærri nýtingu á náttúruauðlindum og með brýnum aðgerðum í loftlagsmálum svo hægt sé að fullnægja þörfum núverandi og komandi kynslóða. Félagslegir þættir hafa verið skilgreindir sem vilji til þess að binda endi á hungursneyð og fátækt í öllum birtingarmyndum (e. forms and dimensions) til þess að tryggja að allir menn lifi við jafnrétti og í heilbrigðu umhverfi. Fjórði og nýjasti þátturinn, hagsæld, hefur verið skilgreind sem vilji til þess að tryggja að allir menn geti notið góðs og fullnægjandi lífs ásamt því að efnahagslegar-, félagslegar og tæknilegar framfarir eigi sér stað í sátt við umhverfið (World Economic Forum, 2020).

Áherslur UFS undirflokkanna eru vanalega valdar út frá því hvað skiptir hagaðila fyrirtækisins mestu máli (The Investopedia Team, 2022). Undirflokkar sem bankar á alþjóðavettvangi eru margir sammála um að hafi þungt vægi og því lagðar miklar áherslur á má nefna gögn tekin út/sannreynd af þriðja aðila þegar kemur að grænni fjármögnunarumgjörð, losun gróðurhúsalofttegunda í gegnum lánveitingu og launamunur kynjanna (Sustainalytics, 2021), eins og sjá má á mynd 3 hér að ofan.

2.7 Stærstu viðskiptabankar Íslands og bankahrúnið

Á Íslandi starfa fjórir viðskiptabankar en þeir eru Íslandsbanki, Arion banki, Landsbankinn og Kvika en í þessari ritgerð munum við einungis fjalla um þá fyrstu þrjá sem nefndir eru. Eignarhald bankanna er ólíkt en forsaga þeirra verður einungis rakin til bankahrunsins árið 2008. Efnahagshrúnið hérlendis sem leiddi til þess að þrír stærstu viðskiptabankar Íslands féllu í kjölfar alþjóðlegu fjármálakreppunnar sem skall á árið 2008 verður nánar rætt hér að neðan og munum við einnig fjalla um þær meginástæður fyrir falli bankanna þriggja. Tveir af þremur bönkum báru þó annað nafn fram að hrúni en voru stofnaðir að nýju undir þeim nöfnum sem við þekkjum þá í dag á grundvelli neyðarlaga 125/2008. Löggin kveða á um að við sérstakar eða óvenjulegar aðstæður á fjármálamarkaði er ráðherra heimilt að reiða fram fjármagn til að stofna nýtt fjármálafyrirtæki eða yfirtaka fjármálafyrirtæki eða þrotabú þess í heild eða að hluta (Lög um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. nr. 125, 2008). Íslandsbanki tók að mestu leyti yfir eignir Glitnis og var bankinn að öllu leiti í eigu ríkisins þar til í október árið 2009, þá átti ríkið aðeins 5% hlut í bankanum en frá þeim tíma og fram í júní árið 2021 fór ríkið með 95% hluta í Íslandsbanka. Í júní árið 2021 seldi Bankasýsla ríkisins svo 35% eignarhlut í Íslandsbanka og nú 22. mars síðastliðinn var 22,5% eignarhlutur ríkisins seldur og fer íslenska ríkið því nú með 42,5% hlut í Íslandsbanka (Bankasýsla ríkisins, 2022). Landsbankinn hélt nafni sínu en tók yfir meirihluta af íslenskum eignum gamla Landsbankans. Hluti ríkisins í Landsbankanum var á þessum tíma 81,33% en í dag á ríkið 98,2% hlut í bankanum (Bankasýsla ríkisins, 2022). Hvað varðar Kaupþing þá tók ríkið alfarið yfir bankann í kjölfar af hrúninu. Skilanefnd Kaupþings eignaðist svo 87% hlut í Arion banka árið 2010 en ríkið átti enn 13%. Árið 2018 seldi íslenska ríkið svo eignahlut sinn í bankanum en þetta var fyrsta sala Bankasýslu ríkisins á eignarhlut í viðskiptabanka (Bankasýsla ríkisins, 2018).

Eftir að einkavæðingu íslenska bankageirans hafði lokið eða frá árinu 2003 til 2008 óx virði eigna bankanna gríðarlega en á þessum sömu árum fyrir hrúnið höfðu bankarnir þrír allir samið og unnið eftir skýrslum um samfélagslega ábyrgð. Í grein eftir Davíð Sigurþórsson er litið til samfélagslegrar ábyrgðar í tengslum við bankahrúnið þar sem aðgerðir bankanna varðandi samfélagslega ábyrgð voru skoðaðar betur og möguleikana á því hvort samfélagsleg ábyrgð hafi átt hlut í falli þeirra. Fyrir bankahrún höfðu bankarnir þrír lagt meiri áherslu á að gefa til góðgerðamála en á aðra þætti (2012) en samkvæmt pýramída Carrolls um samfélagslega ábyrgð

þurfa fyrirtæki að huga fyrst að neðri þrepum pýramídans áður en efsta þrepinu er sinnt (Carroll, 1991).

Samkvæmt rannsóknarskýrslu Alþingis eru meginástæður fyrir falli íslensku viðskiptabankanna meðal annars hve hraður vöxtur þeirra var í aðdraganda hrunsins og hve mikil áhætta hafði myndast. Samkvæmt rannsóknarnefnd Alþingis höfðu bæði útlán og efnahagur bankanna þriggja einfaldlega vaxið fram undan innviði (e. infrastructure) þeirra. Það er að segja innri og ytri vöxtur bankanna óx hratt, bankarnir voru farnir að lána meira sjálfir sem gerði það að verkum að útlánasafn þeirra stækkaði ásamt því að þeir voru farnir að kaupa fleiri eignir. Þetta gerði það að verkum að útlánasafn bankanna varð gríðarlega áhættusamt og taldi Rannsóknarnefnd Alþingis að svona áhættusamur vöxtur væri ekki í samræmi við langtímahagsmuni og traust bankanna þriggja (Páll Hreinsson, Sigríður Benediktsdóttir og Tryggvi Gunnarsson, 2010).

2.8 Grænþvottur

Sú íþynging sem hefur átt sér stað undanfarna áratugi varðandi umhverfisvanda heimsins hefur orðið til þess að fyrirtæki á heimsvísu hafa leitað að nýjum lausnum hvað varðar vöruúrval. Undanfarin ár hafa fyrirtæki svo stækkað vöruframboð sitt og byrjað að bjóða upp á svokallaðar grænar vörur. Græn vara hefur verið skilgreind sem vistvæn vara eða umhverfisvæn vara sem mengar ekki eða skerðir náttúruauðlindir og getur verið endurunnin (Shamdasami et al., 1993). Sum fyrirtæki hafa þó villt fyrir, meðvitað eða ómeðvitað, hagsmunaaðilum sínum með grænþvotti.

Grænþvottur er það fyrirbæri þegar fyrirtæki miðla röngum eða ófullnægjandi upplýsingum til þess að betrubæta ímynd almennings og viðskiptavina á fyrirtækinu. Það er þó hins vegar ekki eina áhyggjuefnið sem grænþvottur veldur heldur geta þau fyrirtæki sem verða uppvís af grænþvotti valdið því að önnur fyrirtæki sem vinna hart að því að standa við sín markmið á sviði sjálfbærni missi samkeppnisforskot sitt (Furlow, 2010).

3 Aðferðafræði

3.1 Aðferð

Í þessum kafla verður fjallað um rannsókn höfunda en rannsókn þessi byggir á eigindlegri aðferðafræði en þær fela í sér gagnaöflun um túlkun fólks og er það meðal annars gert með viðtölum þar sem svör viðmælanda og spurningar eru ekki á stöðluðu (e. structured) formi heldur byggja meira á reynslu og upplifun viðmælanda (Jón Gunnar Bernburg, 2005). Á Íslandi starfa fjórir viðskiptabankar en rannsakendur tóku þá ákvörðun að aðeins þeir þrír stærstu yrðu rannsakaðir og voru því tekin viðtöl við fulltrúa frá Íslandsbanka, Landsbankanum og Arion banka, þar sem markmið þeirra var að veita rannsakendum betri innsýn inn í starfsemi viðskiptabankanna þriggja hvað varðar sjálfbærni. Ásamt því að öðlast betri skilning á fjárhagslegri hlið sjálfbærni í rekstri bankanna. Niðurstöður þessarar rannsóknar eru byggðar á svörum viðmælanda við spurningum rannsakenda ásamt því að notast var við árs- og sjálfbærnisýrslur Íslandsbanka, Arion banka og Landsbankans til enn frekari greiningar. Rannsóknarspurning þessarar ritgerðar er eftirfarandi: Vegur kostnaður þyngra en ávinningur við innleiðingu og við að viðhalda sjálfbærni í rekstri?

3.2 Viðmælendur

Tekin voru viðtöl við þrjá einstaklinga, einn frá hverjum viðskiptabanka sem þessi ritgerð byggir á. Rannsakendur höfðu samband við viðmælendur viðskiptabankanna þriggja á tölvupóstformi þar sem viðfangsefni ritgerðarinnar kom fram ásamt því hvert markmið rannsakenda væri við tölur þessara viðtala. Allir viðmælendur bankanna svöruðu rannsakendum og sögðust tilbúnir að taka þátt í rannsókninni. Viðmælendur hafa allir mismunandi bakgrunn út frá menntun og reynslu en starfa þeir allir sem sérfræðingar í sjálfbærni.

Viðmælendur Íslandsbanka og Arion banka kusu að koma fram undir nafnleynd og verður því einungis vísað í þá sem viðmælendur Íslandsbanka og Arion banka. Því verða ekki settar fram persónulegri upplýsingar um þá viðmælendur í þessari rannsókn. Landsbankinn óskaði sérstaklega eftir því að viðmælandi þeirra kæmi undir nafni en viðmælandi Landsbankans var Dr. Reynir Smári Atlason en hann er með doktorsgráðu frá Háskóla Íslands í umhverfis- og auðlindafræði og er einn af stofnendum ráðgjafafyrirtækisins Circular Solutions sem er nú í eigu KPMG ásamt því að hafa komið að flestum grænum skuldabréfaútgáfum hérlendis í gegnum störf sín.

3.3 Framkvæmd

Viðtölin fóru fram daganna 7.-9. mars 2022 og var nýlega búið að aflétta samkomutakmörkunum vegna heimsfaraldursins Covid-19 hér á landi. Voru því fyrstu tvö viðtölin tekin á fjarskiptaforritinu Microsoft Teams en það voru viðtölin við Íslandsbanka og Arion banka. Síðasta viðtalið var við viðmælanda Landsbankans en var það tekið í persónu í höfuðstöðvum bankans við Austurstræti 11. Viðmælendur ákváðu í samræmi við rannsakendur hvernig viðtölin færu fram og er það ástæða þess að tvö viðtalanna fóru fram í gegnum samskiptaforrit en hið þriðja tekið í persónu.

Áður en viðtölin hófust útskýrðu rannsakendur fyrir viðmælendum umfangsefni ritgerðarinnar, markmið hennar og hvort leyfilegt væri að fá að hljóðrita viðtalið í þeim tilgangi að auðvelda úrvinnslu rannaskenda á viðtölunum. Viðmælendur fengu svo tækifæri til þess að breyta og bæta málfar ásamt því að taka út efni sem viðmælendur vildu ekki að birt væri í þessari ritgerð.

3.4 Mælitæki

Áður en viðtölin sjálf fóru fram var spurningalisti útbúinn af rannsakendum sem hlaut gagnrýni frá leiðbeinanda ritgerðarinnar og því var ekki talin þörf á því að taka undirbúningsviðtal. Tvö af þremur viðtölum voru tekin í gegnum samskiptaforritið Microsoft Teams ásamt því að hafa verið tekin upp á hljóðupptöku í gegnum smáforritið Voice Memos. Rannsakendur fengu samþykki frá öllum þremur viðmælendum um að fá að taka viðtölin upp ásamt því að þeir voru upplýstir um að ekkert úr þessum viðtölum yrði birt nema með þeirra samþykki. Þegar rannsakendur höfðu lokið við öll þrjú viðtölin voru þau rituð niður svo hægt væri að greina niðurstöðurnar sem best.

Að meðaltali tók hvert viðtal um þrjátíu mínútur og voru viðtölin hálf-stöðluð (e. semi-structured interview), það er þau samanstóðu af tíu fyrir fram ákveðnum spurningum sem viðmælendur höfðu ekki fengið að sjá áður en að þeim var spurt. Þegar fleiri spurningar kviknuðu hjá rannsakendum á meðan hverju viðtali stóð þá voru viðmælendur spurðir að þeim og má því gera ráð fyrir að hvert viðtal hafi innihaldið að meðaltali þrettán spurningar.

Fyrstu þrjár spurningarnar sneru meðal annars að hvötum við innleiðingu á sjálfbærni en rannsakendur spurðu hver þrjú lykilatriði við innleiðingu á sjálfbærni væru, hver helstu áhrif innleiðingar á sjálfbærni hefðu verið á viðskiptamódelið og hverjir hvatarnir voru þegar litið er til fjárhagslegra-, umhverfislegra- og félagslegra þátta fyrir því að leggja ríkari áherslu á sjálfbærni.

Næstu tvær spurningar fjölluðu um kostnaðarhlíð þess að innleiða og viðhalda sjálfbærni, spurt var hvort viðmælendurnir gætu gert grein fyrir helstu kostnaðarliðum sem bankinn stóð frammi fyrir í upphafi á innleiðingu sjálfbærni og svo hverjir helstu kostnaðarliðir væru í dag við að viðhalda sjálfbærni í rekstri.

Næstu tvær spurningar sneru svo að ávinning við innleiðingu á sjálfbærni en viðmælendur voru beðnir um að greina frá þeim ávinning sem fékkst við innleiðingu á sjálfbærni í upphafi, að þeirra mati og hver ávinningurinn væri í dag við að viðhalda sjálfbærni í rekstri.

Grænar fjárfestingar voru svo umfangsefni næstu tveggja spurninga en rannsakendur spurðu hvort grænar fjárfestingar væru að skila sama hagnaði og þegar þær eru bornar saman við hefðbundnar fjárfestingar. Í seinni spurningunni voru viðmælendur beðnir um að gera grein fyrir kostum og göllum við grænar fjárfestingar að þeirra eigin mati.

Síðasta spurningin sneri að grænþvotti og spurði rannsakendur hvort viðmælendur teldu það vera hlutverk bankans að koma í veg fyrir grænþvott og þá hvernig bankinn gæti komið í veg fyrir grænþvott. Hægt er að sjá spurningalistann í heild sinni í Viðauka A.

4 Niðurstöður

Í þessum kafla verður fjallað um helstu niðurstöður viðtalanna þriggja sem tekin voru við sérfræðinga á sviði sjálfbærnimála innan Íslandsbanka, Arion banka og Landsbankans. Skoðaðar verða ásamt viðtölunum árs- og sjálfbærnisráskýrslur þessara banka til þess að greina niðurstöður enn frekar. Fleiri gögn sem bankarnir hafa opinberað á heimasíðum sínum verða einnig skoðuð samhliða viðtölunum og verða niðurstöður svo greindar út frá öllum þessum atriðum í heild sinni. Hér að neðan má finna viðtölin skipt niður í þrjú undirkafla eftir hverjum viðskiptabanka ásamt fleira efni sem höfundum fannst vert að taka fram til nánari útskýringa á svörum viðmælenda.

4.1 Íslandsbanki

Þegar viðmælandi var spurður út í þrjú lykilatriði í sjálfbærnisstefnu Íslandsbanka sagði hann sjálfbærnisstefnu bankans í raun vera tvískipta. Í fyrsta lagi leggur bankinn áherslu á að vera fyrirmynd þegar kemur að ESG og í öðru lagi að vera hreyfiafl til góðra verka. Það sem viðmælandi á við með því er að Íslandsbanki er meðal annars stór innkaupaaðili hérlendis og getur því haft áhrif út fyrir sinn rekstur, í gegnum til dæmis birgðasambönd sín og vísar þá til þessarar sjálfbærnihugsunar í bæði útlánnum og vöruframboði bankans í heild það er sjálfbærir fjárfestingarkostir, sjálfbærir sparnaðarvalkostir og svo framvegis. Heimsmarkmiðin sagði

viðmælandi svo vera þriðju stoðina í sjálfbærnisstefnu bankans en Íslandsbanki hefur valið sér fjögur markmið til þess að leggja megináherslu á, þó svo að bankinn horfi á heimsmarkmiðin sem heild. Viðmælandi sagði ástæðu þess að bankinn hafi valið þessi fjögur markmið vera sú að bankinn telji sig geta haft sem mest áhrif á þessum sviðum en markmiðin eru eftirfarandi: 4. Menntun fyrir alla, 5. Jafnrétti kynjanna, 9. Nýsköpun og uppbygging og 13. Aðgerðir í loftlagsmálum. Fram kemur á heimasíðu bankans að Íslandsbanki styðji mörg góð málefni í nærumhverfi sínu og á alþjóðavísu en leitast bankinn helst eftir að styrkja þau málefni sem hafa skýra tengingu við þau fjögur markmið sem bankinn hefur ákveðið að leggja sérstaka áherslu á (Íslandsbanki, 2020).

Aðspurður að því, hver helstu áhrif innleiðingar sjálfbærni hefur haft á viðskiptamódel bankans, svaraði viðmælandi að það hafi verið gríðarlega mikilvægt að átta sig á því að sjálfbærni er ekki eitthvað sem bankinn vinni að til hliðar heldur þurfi þetta að vera samtvinnað inn í reglulega starfsemi bankans og hafi það því verið helsta breytingin, það er að gera sjálfbærnina að hluta að kjarnastarfsemi bankans.

Næsta spurning frá rannsakendum beindist að hverjir hvatarnir voru hjá bankanum fyrir því að leggja ríkari áherslu á sjálfbærni þegar litið er til fjárhagslegra, umhverfislegra og samfélagslegra þátta. Undanfarin ár hafa kröfur viðskiptavina og starfsfólks orðið til þess að bankinn fór að leggja meiri áherslu á sjálfbærni mál en einnig hafa fjárfestar og fleiri hagaðilar verið að spyrja í auknum mæli spurninga út í þessa þætti. Nefnir viðmælandi einnig að aukin vitundarvakning hafi verið helsti hvati bankans.

Þegar viðmælandi var spurður hvort hann gæti gert grein fyrir helstu kostnaðarliðum bankans í upphafi á innleiðingu á sjálfbærni sagði hann það hafa verið að mestu óbeinn kostnaður sem lægi að mestu leyti í vinnuframlagi. Fleiri kostnaðarliðir lágu svo meðal annars í fræðslu, aukinni þekkingu og hefur keypt ráðgjöf frá ytri aðilum. Einnig sagði viðmælandi að bankinn væri meðlimur að mörgum verkefnum og skuldbindingum, bankinn er aðili að Festu og hefur hlotið margskonar vottanir. Íslandsbanki notast einnig við hugbúnaðarkerfið Klappir Grænar Lausnir bætti viðmælandi við. Klappir er stafræn umhverfisstjórnun sem gefur fyrirtækjum yfirlit yfir kolefnisspor rekstursins í rauntíma (Klappir, e.d.). Annar þáttur sem viðmælandi nefndi var að bankinn hefur unnið að því að skipta út bílaflota fyrirtækisins og hefur í auknum mæli fjárfest í rafmagnsbílum en það styðji meðal annars við minnkun á kolefnisspori bankans.

Helstu kostnaðarliðir við að viðhalda sjálfbærni í dag var framhaldsspurning rannsakenda og hélt viðmælandi því fram að þeir væru helst þeir sömu en eins og áður kom fram í viðtalinu hefur bankinn unnið að því að skipta út bílafлотanum meðal annars en annars má nefna alls kyns vottanir sem Íslandsbanki heldur áfram að sækja sér svo upplýsingagjöfin sé sem best en að allra stærsti kostnaðarliðurinn sé launakostnaður. Í framhaldi sagði viðmælandi Íslandsbanka hafa lagt mikið upp úr því að virkja alla starfsmenn til þess að eyða hluta af vinnuframlagi sínu í sjálfbærnimál.

Næst var viðmælandi spurður að ávinning þess í upphafi við að innleiða sjálfbærni. Í upphafi á innleiðingu á sjálfbærni sagði viðmælandi áhuga starfsfólks mikinn og mikill vilji hafi verið innan vinnustaðarins til þess að taka þátt í þessu stóra verkefni. Viðmælandi bætti einnig við að mikill ávinningur hafi orðið af því hvað Íslandsbanki fór að huga að sjálfbærni snemma, vegna þess hafi bankinn lagt góðan grunn fyrir þeim sjálfbærni skrefum sem bankinn tekur í dag.

Rannsakendur spurðu viðmælanda út í þann ávinning við að viðhalda sjálfbærni í rekstri bankans og svaraði viðmælandi að það væri meðal annars áhugi hagaðila þar sem margir hagaðilar fylgjast vel með Íslandsbanka og sjálfbærnimálum bankans. Viðmælandi sagði einnig að fjárfestar, hvort sem það eru hlutabréfaeigendur eða skuldabréfafjárfestar, meta þessar upplýsingar og frammistöðu bankans í sjálfbærnimálum mikið. Íslandsbanki gaf einnig út sjálfbæran fjármálaramma árið 2020 og tók viðmælandi fram að fjármálaramminn hafi gert það að verkum að Íslandsbanki fann áþreifanlegan ávinning af skuldabréfum sínum þar sem fjárfestar hafi verið tilbúnir til þess að bjóða betri kjör en þeir gerðu áður en bankinn hafði gefið út sjálfbæra fjármálarammann. Fram kemur á heimasíðu bankans að Íslandsbanki hafi verið sá fyrsti hérlendis til þess að birta sérstakan fjármálaramma utan um þær fjárfestingar og lán sem flokkast sem sjálfbær innan eignasafns þeirra. Ramminn var endurskoðaður og hlaut ytra álit frá Sustainalytics, leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki í ESG málum, ásamt því að hafa fengið ráðgjöf frá öðrum óháðum aðilum við gerð rammans sagði viðmælandi. Sjálfbæri fjármálaramminn er byggður á stöðlum frá alþjóðafyrirtækinu International Capital Market Association (ICMA), sem er aðili á verðbréfamarkmiði og byggir á fjórum stöðum en þær eru skilgreining sjálfbærra verkefnaflokka, valferli sjálfbærra verkefna, meðferð fjármuna og skýrslugjöf til fjárfesta. Staðlarnir sem ramminn byggir á frá ICMA eru meginreglur um græn skuldabréf (e. green bond principles) og félagsleg skuldabréf (e. social bond principles). Ramminn skiptist í þrjú hluta og eru þeir eftirfarandi: Grænn

flokkur fyrir umhverfismál, blár flokkur fyrir sjálfbærar fiskveiðar og þriðji flokkurinn styður við félagslegar uppbyggingar (Íslandsbanki, 2020).

Mikið hefur verið um grænar fjárfestingar undanfarin ár og hafa þess konar fjárfestingar farið vaxandi á síðustu árum ásamt því að margir fjárfestar eru farnir að fjárfesta einungis í verkefnum sem eru sjálfbær. Þegar rannsakendur spurðu viðmælanda hvort grænar fjárfestingar væru að skila sama hagnaði og hefðbundnar fjárfestingar og þá hverjir væru helstu kostir og gallar þeirra þá nefndi viðmælandi að Íslandssjóðir, dótturfélag bankans, hefðu verið fyrstir til þess að bjóða upp á grænan skuldabréfasjóð en hvað varðar kosti og galla sagði viðmælandi bankann líta á sjálfbærni mál bæði sem áhættu og tækifæri. Viðmælandi sagði að bankinn væri að lágmarka áhættuna en á sama tíma væri það mikið tækifæri að geta fjárfest í þeim miklu umbreytingum sem þarf til þess að ná markmiði Íslands um kolefnishlutleysi.

Aðspurður að því hvort bankinn telji það vera sitt hlutverk að koma í veg fyrir grænþvott og þá hvernig bankinn reyni að koma í veg fyrir grænþvott sagði viðmælandi það fyrst og fremst vera mikilvægt að Íslandsbanki verði ekki uppvís af grænþvotti og við innleiðingu á sjálfbærni hafi bankinn reynt að tryggja að allt sem kæmi frá þeim varðandi sjálfbærni gæti bankinn staðið við. Sem dæmi nefndi viðmælandi að með sjálfbæra fjármálaramman væri búið að setja ákveðnar reglur og fá staðfestingu um að bankinn sé að veita peninga í verkefni sem uppfylla skilyrði sjálfbærs fjármálaramma. Þannig getur bankinn tryggt að allir ferlar styðji við verkefnavalið og það sé gert með faglegum hætti hélt viðmælandi fram. Í framhaldi af þessu sagði viðmælandi að Íslandsbanki hefði sett upp sjálfbærnefnd þar sem sitja sjö starfsmenn, meðal annars bankastjóri og fjármálastjóri bankans og er mikil formfesta í kringum þetta til þess að koma í veg fyrir grænþvott.

Næst spurðu rannsakendur viðmælanda hversu langan tíma það hafi tekið fyrir bankann að útbúa sjálfbæra fjármálarammann. Viðmælandi svaraði að erfitt væri að segja til um það, þar sem hann á sér ekki endilega upphaf eða endi. Sjálfbærni þyrfti að fara inn í DNA hjá bankanum og líkti viðmælandi því við eins og þegar fólk ætlar að skipta um heilbrigðan lífstíl, hægt væri að fara í átak eða megrun en þetta snerist um að breyta hegðuninni og skapa nýjan vana. Viðmælandi sagði rammann standa enn fyrir sínu og mikil vinna hafi verið lögð í hann, en einnig nefndi viðmælandi að mögulega þyrfti bankinn að endurskoða rammann á einhverjum tímapunkti. Viðmælandi tók fram að í dag er sjálfbærni partur af starfseminni og bankinn væri sífellt að fylgjast með hversu hátt hlutfall af fjármögnun bankans væri græn og þá átti hann við um grænu skuldabréfin.

Sömuleiðis væri bankinn að skoða hversu mikið af eignasafninu væri sjálfbært, það er að segja lánin og fjárfestingar bankans. Í samantekt sagði viðmælandi að erfitt væri að meta kostnað og ávinning sjálfbærni en að Íslandsbanki líti á þetta til langs tíma. Viðmælandi tók dæmi um ábyrgar fjárfestingar í sjóðum en kröfur hafa hækkað varðandi gegnsæi og að það sé ekki spilling. Að lokum bætti viðmælandi við að til langs tíma litið þá ætti sjálfbærni alltaf að vera góð strategía vegna þess að þá sé hægt að koma í veg fyrir skaða eða draga úr skaða í erfiðum ákvarðanatökum.

4.2 Arion banki

Fyrsta spurning sem viðmælandi var spurður út í var hver eru þrjú lykilatriði í sjálfbærnistefnu bankans. Viðmælandi byrjaði á að útskýra fyrir rannsakaendum að breyttar áherslur hefðu orðið hjá Arion banka. Auknar áherslur hefðu verið lagðar á grænu fjármálin hjá bankanum heldur en á árunum áður. Viðmælandi taldi jafnréttismálin gríðarlega mikilvæg og að mikil áhersla sé lögð á stjórnarhætti hjá bankanum. Í bankastarfsemi væri mikilvægt að vinna gegn spillingu, meðal annars mútum og peningaþvætti (e. anti money laundering) bætti viðmælandi við ásamt því að áherslur bankans í sjálfbærni væru víðtækar. Á heildina litið taldi viðmælandi að vönduð og ábyrg bankastarfsemi, þar sem tekið sé tillit til umhverfis og samfélags, væri kjarni Arion banka.

Næsta spurning sem rannsakendur spurðu að var hver voru helstu áhrif innleiðingar sjálfbærni á viðskiptamódel bankans. Viðmælandi sagði að helstu áhrif innleiðingar sjálfbærni á viðskiptamódelið hafi verið græn fjármál en bankinn gaf út græna fjármálaumgjörð á síðasta ári. Hefur því vöruúrval bankans stækkað þar sem bankinn er farinn að geta boðið upp á græn fyrirtækjalán, það er lán til fyrirtækja í samræmi við grænu fjármálaumgjörð bankans, græn bílalán, það er lán fyrir tvinnbílum eða bílum sem ganga einungis fyrir rafmagni, græn húsnæðislán fyrir umhverfisvottað húsnæði, græn innlán og bankinn hefur farið í þrjár grænar skuldabréfaútgáfur. Því sagði viðmælandi að sjálfbærni væri farin að hafa áhrif á fjármögnun bankans, vöruúrval, starfsfólk og viðskiptavini. Viðmælandi vonaðist að með meiri áherslu á sjálfbærni hjá bankanum myndi það skila sér í formi vitundarvakningar til bæði starfsfólks og viðskiptavina. Ákveðin menntun um sjálfbærni ætti sér stað fyrir viðskiptavini með vöruúrvali bankans hélt viðmælandi fram, þar sem vöruúrvalið kynnir fyrir viðskiptavinum áhrifin sem og mikilvægi bankastarfsemi í tengslum við til dæmis umhverfismál. Út frá viðskiptamódelinu þá væri bankinn ávallt að leggja meiri áherslu á umhverfi og samfélag þó svo bankinn hefði verið að gera það áður fyrr sagði viðmælandi, þá væri það með mun markvissari hætti í dag og einnig væri Arion banki stöðugt að vinna í því að gera enn betur.

Þriðja spurningin sneri að hvötunum fyrir því að leggja ríkari áherslu á sjálfbærni þegar litið er til fjárhagslegra-, umhverfislegra- og félagslegra þátta. Viðmælandi sagði að fjárhagslegir hvatar hafi ekki verið upphaflega ástæðan fyrir því að leggja ríkari áherslu á sjálfbærni. Heldur hafi það verið vegna þess að Arion banki er partur af samfélaginu ásamt því að viðskiptavinir og fjárfestar bankans vilji eiga í viðskiptum við banka sem hugar að sjálfbærni. Einnig var starfsfólk hvati fyrir því að huga betur að sjálfbærni, þar sem viðmælandi taldi að mikilvægt væri fyrir starfsfólk að vinna hjá fyrirtæki sem leggur áherslu á sjálfbærni.

Því næst spurðu rannsakendur viðmælanda að því hverjir helstu kostnaðarliðir hafi verið sem bankinn hafi staðið frammi fyrir í upphafi á innleiðingu á sjálfbærni. Viðmælandi tók fram að bankinn hafi fengið sænskan ráðgjafa frá KPMG árið 2015 og er það árið sem Arion banki hafi farið að leggja ríkari áherslu á sjálfbærni í rekstri. KPMG er alþjóðlegt net fyrirtækja sem veita sérfræðiþjónustu á þremur sviðum; endurskoðunarsviði en þar starfar endurskoðunarsviðs uppgjörs- og bókhaldssvið, ráðgjafarsvið og að lokum skatta- og lögfræðisvið (KPMG, e.d.).

Viðmælandi sagði bankann ekki hafa tekið saman allan þann kostnað við að innleiða sjálfbærni en taldi að það hafi verið í kringum nokkrar milljónir, einungis í ráðgjafakostnað. Seinni kostnaðarliðurinn sem viðmælandi nefndi var launakostnaður en tók fram að hann starfi nánast alfarið í sjálfbærnimálunum hjá Arion banka í dag. Einnig hafi farið mikil vinna í grænu fjármálaumgjörðina, þar sem mikill tími hjá starfsfólki hafi farið í að útbúa umgjörðina og því launakostnaður hár kostnaðarliður við innleiðingu á sjálfbærni í rekstri bætti viðmælandi við.

Næsta spurning frá rannsakendum fylgdi fyrri spurningu en sneri að hverjir kostnaðarliðirnir séu við að viðhalda sjálfbærni í rekstri í dag. Viðmælandi nefndi aftur ráðgjafakostnað og gaf dæmi um þegar Arion banki gaf út skýrslu árið 2021 með Mannviti um aðferðafræði við að reikna út grænt húsnæði ásamt því að hafa fengið EY til að þess að aðstoða við gerð á áhrifaskýrslu sem birt var samhliða árs- og sjálfbærnisráðgjafaskýrslu bankans 2021. Mannvit er verkfræðistofa sem veitir tæknilega ráðgjöf á sviði orku, iðnaðar og mannvirkjagerð (Mannvit, e.d.). Starfsfólk alls staðar í bankanum hefur einnig verið að leggja meiri áherslu á sjálfbærni og má þá nefna starfsfólk á fyrirtækjasviði, viðskiptabankasviði og fjármögnun sagði viðmælandi, þar sem sjálfbærni væri orðinn partur af mismunandi störfum bankans. Síðasti kostnaðarliðurinn sem viðmælandi nefndi voru fjölmargar skuldbindingarnar sem Arion banki er aðili að. Sem dæmi má nefna þá er bankinn aðili að meginreglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrga bankastarfsemi (e. UN Principles for Responsible banking) (Arion banki, e.d.).

Hvað varðar ávinning af sjálfbærni báðu rannsakendur viðmælanda að svara að hans mati hver ávinningur bankans var í upphafi við innleiðingu á sjálfbærni. Viðmælandi sagði að ávinningurinn í upphafi hafi verið ánægja starfsfólks og þekking þegar kemur að umhverfismálunum. Arion banki hóf vegferðina innandyra með fræðslu fyrir starfsfólk frá utanaðkomandi aðilum og einnig með því að minnka plast í starfseminni, flokka betur rusl og leggja áherslu á að draga úr matarsóun. Með slíkum aðgerðum taldi viðmælandi bankann vera að auka áhuga starfsmanna á umhverfismálum. Í framhaldi af því fór bankinn svo að einblína á sjálfbærni út á við, með því að bjóða viðskiptavinum sínum upp á vörur sem studdu við sjálfbærnimál. Viðmælandi taldi aukið vöruúrval bankans vera ávinning fyrir bæði viðskiptavinum og fjárfesta sína. Þá sérstaklega fyrir erlenda fjárfesta þar sem þeir eru margir farnir að hafa mikinn áhuga á UFS málum sagði viðmælandi. Því lægi ávinningurinn hjá starfsmönnum, fjárfestum og á viðskiptahlið bankans að mati viðmælanda. Rannsakendur spurðu næst út í hver ávinningurinn væri í dag við að viðhalda sjálfbærni í rekstri. Viðmælandi kom inn á að sjálfbærni væri samofið inn í starfsemi fyrirtækisins í dag og ómögulegt væri því að hætta að huga að því vegna viðskiptavinna, fjárfestanna, starfsfólksins og samfélagsins í heild. Í kjölfarið spurðu rannsakendur hvort Grænn vöxtur, sjálfbær sparnaðarreikningur bankans, hafi verið gott dæmi um kall viðskiptavina Arion banka eftir slíkum vörum. Grænn vöxtur er óverðtryggður, óbundinn sparnaðarreikningur sem er fyrir einstaklinga, fyrirtæki og félagasamtök sem vilja setja sparnaðinn sinn í vistvæn verkefni (Arion banki, 2020). Viðmælandi svaraði því játandi og sagði að mikil óvissa hefði verið um hvernig viðbrögð við reikningnum yrðu en Arion banki var fyrsti bankinn á Íslandi til þess að koma með slíkan sparnaðarreikning. Þá bætti viðmælandi við að móttökur viðskiptavina hefðu verið mjög góðar gagnvart sparnaðarreikningnum og verið mikil hvatning til þess að halda áfram að koma með fleiri vörur sem styðja við sjálfbærni. Viðmælandi nefndi einnig að Arion banki hafi verið fyrstur til þess að bjóða upp á græn húsnæðislán fyrir vottað húsnæði en minntist á að enn væri lítið til af vottuðu húsnæði en vonaðist til þess að meiri hraði færi í byggingu á slíku húsnæði á Íslandi. Í framhaldi af því kom viðmælandi inn á að græn bílalan hafa verið gríðarlega vinsæl og taldi það vera hvata fyrir almenning að skipta frekar yfir í rafbíla með því að bankinn myndi fella niður lántökugjöldin á slíkum bílum. Jafnframt sagði viðmælandi að móttökurnar á grænum skuldabréfum hafi fengið mjög jákvæð viðbrögð frá fjárfestum og sagðist vilja halda áfram þessari grænu vegferð.

Hafa grænar fjárfestingar eins og fjármögnun bankans verið að skila sama hagnaði og þegar borið er saman við hefðbundnar fjárfestingar, var næsta spurning rannsakenda. Viðmælandi svaraði spurningunni játandi og sagði að grænu skuldabréfaútgáfur bankans hafi gengið mjög vel. Arion banki gaf út stóra erlenda skuldabréfaútgáfu á síðasta ári, 2021 og síðan tvær minni íslenskar skuldabréfaútgáfur í beinu framhaldi. Samkvæmt viðmælanda var erlenda skuldabréfaútgáfan á bestu kjörum sem bankinn hafði fengið í lengri tíma. Einnig tók viðmælandi fram að hópur fjárfesta sem hefur áhuga á grænum skuldabréfum sé orðin mun breiðari og sífellt fleiri aðilar sem vilja einungis fjárfesta eða lána í græn verkefni. Rannsakendur spurðu næst út í helstu kosti og galla við grænar fjárfestingar að mati viðmælanda. Þá endurtók viðmælandi að kostirnir væru meðal annars breiðari hópur fjárfesta og nokkuð betri kjör. Viðmælandi taldi helsta ókostinn vera falinn í aukinni vinnu sem færi í grænar fjárfestingar. Sem dæmi nefndi hann þá miklu vinnu sem fólgin sé í því að gefa út græna fjármögnunarmgjörð og áhrifa og úthlutunar skýrslu (e. Impact and Allocation Report). Í skýrslunum eru reiknuð út áhrifin af lánnum bankans, líkt og loftlagsáhrif þeirra. Viðmælandi sagði að mikil þekkingar uppbygging þyrfti að eiga sér stað innan bankans til þess að geta viðhaldið þessari fjármálaumgjörð. Þó svo umgjörðin sé tilbúin og opinberuð, þá gæti bankinn þurft að þróa hana aftur eftir ár og gera hana enn strangari, sagði viðmælandi þar sem flokkunarreglugerð Evrópusambandsins sem tekin verður í gildi hérlendis á næsta ári, 2023, gæti haft áhrif. Rannsakendur spurðu þá út í tímann sem færi í að vinna eitt grænt skuldabréf. Viðmælandi sagði að þetta væri aðallega umgjörðin sem skuldabréfið byggir á sem og áhrifaskýrslurnar sem bankinn þarf að birta með upplýsingum um áhrif grænu lánanna. Einnig þarf að skilgreina alla ferla bankans því er Arion banki með græna fjármögnunarnefnd sem er undirnefnd sjálfbærnefndar bankans. Þetta þarf allt að vera skráð sagði viðmælandi, allar fundargerðir og allar ákvarðanir og færa það inn í grunna í kerfum bankans svo auðveldara sé að halda utan um grænar lánveitingar. Til dæmis svo hægt sé að sjá hvaða húsnæði eru græn eða hvaða bílar eru grænir og því mikil tæknivinna fyrir bankann. Viðmælandi tók fram að vilji sé hjá Arion banka til þess að gera þetta vel þrátt fyrir alla þá vinnu sem fylgir, þar sem þetta hefur jákvæð áhrif á bæði bankann og aðra. Að lokum taldi viðmælandi kostina vera mun fleiri en ókostina við að stuðla að sjálfbærni.

Síðasta spurning rannsakenda sneri að grænþvotti og hvort bankinn telji það vera hlutverk sitt um að koma í veg fyrir grænþvott og þá hvernig bankinn geti komið í veg fyrir hann. Viðmælandi sagði bankann vera mjög upptekinn af því að reyna koma í veg fyrir grænþvott. Þess

vegna vildi bankinn gera grænu fjármálaumgjörð sína stranga og fá fagaðila eins og Cicero til þess að meta umgjörðina. Cicero er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki sem veitir mat á sjálfbæra fjárfestingaramma grænna skuldabréfa og reiknar út umhverfisáhrif þeirra (Cicero, e.d.). Að hafa fengið álit frá Cicero, hafi verið strangt ferli að mati viðmælanda en hann taldi það vera jákvætt, þar sem bankinn vildi hafa umgjörðina sem allra besta, sagði viðmælandi. Helsta ástæða þess að Cicero hafi orðið fyrir valinu var vegna þess að bankinn taldi þau hafa mikinn trúverðugleika sagði viðmælandi og treysti Arion banki þeim til þess að aðstoða sig við gerð umgjarðarinnar. Viðmælandi sagði bankann einnig leggja mikla áherslu á áhættustýringu og nefndi að bankinn hafi verið með svokallaðan stýrihóp í sjálfbærnimálum en í dag starfar sérstök sjálfbærninefnd undir áhættukerfi bankans. Í þeirri nefnd starfa framkvæmdastjórnar bankans og bankastjóri. Viðmælandi sagði nefndina vera formlegan vettvang fyrir sjálfbærnimál innan bankans. Einnig væri bæði jafnréttis- og mannréttindanefndin þar undir ásamt grænni fjármögnunarnefnd sem tilkynnir til þeirra en með þessu sé tilgangurinn að hafa allt skráð. Viðmælandi tók fram að Arion banki væri mjög meðvitaður um þessa hættu, en að hættan gæti verið ómeðvitað til staðar, og gaf þá dæmi um fyrirtæki sem hafa orðið uppvís af grænþvotti en voru ekki endilega að gera það að illum vilja. Viðmælandi hélt áfram og útskýrði að mikilvægt væri að reyna að passa fullyrðingar sem bankinn gæfi út. Dæmi sem viðmælandi gaf var samstarf bankans við Kolvið sem er íslenskt fyrirtæki sem vinnur eftir leiðbeiningum Skógræktarfélag Íslands. Kolviður vinnur í sátt við umhverfið og rammisamning Sameinuðu þjóðanna um loftlagsbreytingar (Kolviður, e.d.). Í samstarfinu vinnur bankinn í mótvægisáðgerðum en Arion banki heldur því ekki fram að hann sé kolefnishlutlaus banki þó svo að bankinn sé að jafna kolefnislosun á móti allri losun sem bankinn mælir tók viðmælandi fram en kolefnisjöfnun með Kolviði er ekki vottað ferli. Einnig bætti viðmælandi við að lánveitingar bankans væru með mesta kolefnissporið. Viðmælandi sagði að ef bankinn ætli að fullyrða að hann sé kolefnishlutlaus þá þurfi bankinn að kolefnisjafna allar lánveitingarnar ásamt því að gera það með vottuðum aðilum. Í staðinn sagði viðmælandi að bankinn hafi lýst yfir í stefnu sinni að hann styðji við markmið Íslands að ná kolefnishlutleysi fyrir árið 2040 líkt og íslensk stjórnvöld hafa á sinni stefnuskrá. Arion banki hefur þó ekki gefið út yfirlýsingu um að lánabók bankans verði kolefnishlutlaus en það er verkefni ársins 2022 að reikna út kolefnisspor lánasafns bankans og setja markmið um hvernig hægt sé að draga úr því. Því telur viðmælandi skilgreiningar og fullyrðingar mikilvægar þegar kemur að því að koma í veg fyrir grænþvott, það er að segja hvort fyrirtæki séu að fullyrða eða að vinna í átt að einhverju. Viðmælandi sagði bankann einnig

hafa fengið óháða aðila til þess að aðstoða sig við útreikninga vegna umhverfisáhrifa og nefndi þá EY, fyrirtæki sem veitir margskonar þjónustu þar á meðal endurskoðun, ráðgjöf í sjálfbærni og rekstrarráðgjöf (EY Íslands, e.d.), sem reiknaði meðal annars út umhverfis- og loftlagsáhrif grænna verkefna bankans (Arion banki, 2021).

4.3 Landsbankinn

Fyrsta spurningin sem viðmælandi var spurður að, var hver væru þrjú lykilatriði í sjálfbærnistefnu bankans. Viðmælandi svaraði að bankinn hafi þætti sem væru viðeigandi fyrir bankastarfsemi að leiðarljósi og styðst bankinn við það í stefnumótun hjá sér. Viðmælandi sagði Landsbankann einnig taka inn ábyrgar fjárfestingar og lánveitingar ásamt því að skoða hvernig lánveitingum og fjármunum sé hagað og fylgist með fjárfestingarhegðun dótturfélags bankans. Því næst spurðu rannsakendur viðmælanda, út frá fyrra svari, hvort þættir eins og áhættustýring væri mikilvægur þáttur fyrir bankann. Viðmælandi taldi áhættustýringu vera sérstaklega áhugavert fyrirbæri þar sem hann útskýrði að áhættuþættir í tengslum við sjálfbærni skiptist í tvo þætti en þeir eru umbreytingaráhætta (e. transition risk) og raunlæg áhætta (e. physical risk). Viðmælandi sagði að umbreytingaráhætta væri helst tengd við loftlagsbreytingar og að aðferðarfræðin til þess að skoða umbreytingaráhættu væri orðin frekar auðveld í notkun. Landsbankinn var fyrsti bankinn til þess að skoða losun gróðurhúsalofttegunda út frá útlánasafni sínu, tók viðmælandi fram. Með þær upplýsingar getur áhættustýring, eða hver sem er sem vinnur að þessum málaflokki, skoðað hvernig skattabreytingar eða stefnubreytingar hafa áhrif á ákveðna hluta útlánasafns bankans. Fyrir raunlega áhættu væri verið að skoða til dæmis hækkun sjávarmáls og breytt veðurfar. Bætti viðmælandi svo við að aðferðarfræðin og tólin fyrir fjármálastofnanir væru enn svo rosalega frumstæð og nái yfir fáa geira. Núna fælist sá hluti áhættunnar í rauninni helst í því að bankinn sé að flokka útlánasafnið út frá atvinnugreinum en ekki væri vitað með vissu hver áhrifin verði á atvinnugreinarnar sjálfar, sagði viðmælandi.

Næsta spurning frá rannsakendum varðaði helstu áhrif innleiðingar sjálfbærni á viðskiptamódel bankans. Viðmælandi svaraði að bankinn hafi formlega hafið að sinna sjálfbærni vegferð árið 1992 og var Landsbankinn að birta GRI skýrslu ellefta árið í röð þetta árið, 2022. GRI stendur fyrir Global Reporting Initiative og er sjálfstæð alþjóðleg stofnun sem aðstoðar fyrirtæki og stofnanir að taka ábyrgð á áhrifum þeirra með því að veita þeim alþjóðlegt sameiginlegt tungumál til að miðla þessum áhrifum. GRI staðlar eru mest notuðu staðlar fyrir sjálfbærnisráðgjöf (Global Reporting Initiative, e.d.). GRI skýrslurnar voru mjög ítarlegar, sagði viðmælandi, og

upplýsingagjöfin sem bankinn hefur veitt út á markaðinn. Viðmælandi taldi það vera erfitt fyrir sig að segja hver áhrifin hafi verið þar sem langt sé síðan ferðalagið hófst og hafi það verið löngu áður en hann hóf störf hjá Landsbankanum.

Rannsakendur spurðu þá hverjar helstu breytingar hafi verið við frekari innleiðingu á sjálfbærni frá árinu 2015, þegar sjálfbærnisráðgjafar viðskiptabankanna á Íslandi fóru að verða ytarlegri. Viðmælandi taldi að breytingarnar núna væru helst ákallið sem væri að koma úr mörgum áttum. Ef litið væri tíu ár aftur í tímann þá hafði þetta verið mjög afmarkað mengi viðskiptavina sem voru að þæla í sjálfbærni málum, sagði viðmælandi. Hann hélt áfram og taldi almenning hafa kannski ekki mikið verið að huga að sjálfbærni fyrir um tíu árum síðan. Nú má segja að mjög stór hluti almennings sé að hugsa út í þennan málaflokk og kalli eftir upplýsingum og vöruframboði frá bankanum, að mati viðmælanda. Töluvert flókið sé að vera með vörur innan þessa málaflokks, sagði viðmælandi, og miklu meira heldur en birtist almenningi. Einnig endurskoðar bankinn ferla innanhús reglulega og öll upplýsingagjöf þarf að vera áreiðanleg. Ákallið frá samfélaginu sem hefur aukist, var einn þáttur að mati viðmælanda. Svo er það fjárfestahliðin sem er mjög áhugaverð, sagði viðmælandi, þar sem nú væru viðskiptabankarnir héraendis farnir að gefa út græn skuldabréf. Viðmælandi hélt áfram og útskýrði að fjárfestarnir séu farnir að kalla eftir grænu vöruframboði í meira magni. Sem dæmi má nefna, sjái bankinn það í kjörum sínum sem eru oft en ekki alltaf, tók viðmælandi fram, betri á grænum skuldabréfaútgáfum heldur en ekki. Þannig að viðskiptabankar eru farnir að fjármagna sig á sjálfbæran hátt, sagði viðmælandi. Landsbankinn gaf út tvö græn skuldabréf í fyrsta skipti í fyrra, árið 2021, og voru skuldabréfin gefin út í evrum. Viðmælandi sagði að nú hafi bankinn aðgengi að stærri hóp fjárfesta, og útskýrði hann að það væru fjárfestar sem einungis fjárfesta í grænum fjármálaafurðum. Nú séu fjárfestarnir því orðnir hluti af menginu en voru það ekki áður fyrr, bætti hann við. Því hafi þetta ekki einungis beinar fjárhagslegar afleiðingar fyrir bankann heldur einnig á regluverkið, sem viðmælandi taldi upp sem þriðja þáttinn í breytingu á innleiðingu sjálfbærni í bankann. Viðmælandi sagði að gríðarlega mikið af reglum og kvöðum vera komnar á banka varðandi flokkun á útlánasafninu. Upplýsingagjöfin þarf að vera á ákveðnu formi og svo framvegis, aðallega samkvæmt kröfum frá Evrópusambandinu en þessir þrír þættir hafa breyst undanfarin tvö til fjögur ár að mati viðmælanda.

Næst spurðu rannsakendur hverjir hvatarnir voru, þegar litið er til fjárhagslegra-, umhverfislegra- og félagslegra þátta, fyrir því að leggja ríkari áherslu á sjálfbærni. Viðmælandi svaraði að í sögulegu samhengi hefur þetta verið eins konar ímyndarmál, sem hugtakið

samfélagsleg ábyrgð hafi verið notað mjög mikið, og væri enn stundum notað. Ásamt því að mikið hafi verið um styrki sem viðmælandi sagði að væri beinn kostnaður, sem hægt væri að færa rök fyrir að væri í raun bara markaðskostnaður. Viðmælandi sagði að núna væri þetta í rauninni orðið breytt og vildi meina að þetta hefði því eitthvað með ímynd að gera en líka að viðhalda henni. Sjálfbærnivinnan sem viðmælandi og samstarfsfélagi hans ynnu að væri oft nýtt í markaðsstarf en ekki öfugt, tók viðmælandi fram. En eins og viðmælandi kom inn á fyrr í viðtalinu að þá væru hvatarnir ákallið frá almenning, fjárfestum og regluverkinu. Svo væru hvatarnir náttúrulega líka fjárhagslegir, sagði viðmælandi en segir hann rannsóknir sýna það svart á hvítu. Í beinu framhaldi sagði viðmælandi frá rannsókn sem birt hafi verið nýlega frá alþjóðlegum banka sem upphaflega er frá Hollandi og heitir ABN AMRO sem sýnir tengsl á milli kjara í grænum skuldabréfaútgáfum og einkunnar sem bankar fá í UFS einkunn. Viðmælandi sagði Landsbankann vera með slíka UFS einkunn frá Sustainalytics. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu fram á samband á milli þess að bankar hljóti betri kjör við græna skuldabréfaútgáfu. Því mætti segja, sagði viðmælandi, að fjárhagslegir hvatar væru einnig til staðar eins og staðan er í dag. En viðmælandi tók fram að það mætti alveg búast við því að grænar skuldabréfaútgáfur myndu halda áfram að vaxa og þá mögulega myndi markaðurinn mettast og þetta myndi jafnast út.

Rannsakendur spurðu næst út í helstu kostnaðarliði sem bankinn stóð frammi fyrir í upphafi á innleiðingu á sjálfbærni. Viðmælandi svaraði spurningunni með því að koma inn á það að Landsbankinn væri kannski smá sér á báti með að vera með tvo sérfræðinga í fullu starfi í þessum málaflokki. Því fylgdi ákveðinn kostnaður við að halda þessari sérþekkingu innanhúss og sagði viðmælandi að þau vinni þvert á allan bankann, hvort sem það væri áhættustýring, fjárstýring, markaðsdeildin eða hagfræðideildin. Þannig einn kostnaðarliður væri launakostnaður, síðan væru ýmsar skuldbindingar sem Landsbankinn er aðili að, sagði viðmælandi. Einnig nefndi viðmælandi úttekt, þar sem bankinn fær eins mikið endurskoðað og hægt er, þannig allt sem bankinn birtir þarf að vera endurskoðað eða tekið út af þriðja aðila á einhvern hátt sem er kostnaður fyrir bankann. Dæmi sem viðmælandi tók fyrir var sjálfbærnisráðgjafar fyrir árið 2020 og 2021 þar sem bankinn fékk skýrsluna endurskoðaða og einnig allt í tengslum við grænu skuldabréfaútgáfuna. Viðmælandi sagði bankann fá þriðja álit á umgjörðina og einnig þyrfti bankinn að fá álit á áhrifaskýrslu (e. Impact Report) sem er upplýsingaskýrsla sem bankinn gefur út fyrir fjárfesta sína. Viðmælandi taldi þessa kostnaðarliði vera þá stærstu fyrir bankann þegar kom að innleiðingu á sjálfbærni.

Rannsakendur spurðu viðmælanda hvort bankinn hafði gert einhverja breytingu innanhúss, eins og til dæmis í mötuneyti, á bílafloata eða einhverju sambærilegu sem hefur meðal annars bein áhrif á starfsmenn bankans. Viðmælandi svaraði játandi og sagði mötuneytið vera Svansvottað. En Svansvottun er opinber vottun Norðurlandanna og stendur fyrir því að draga úr umhverfisáhrifum af vörum eða þjónustu. Vottunin tryggir að varan eða þjónustan er betri fyrir umhverfið og heilsuna með því að skoða allan lífsferilinn og skilgreina helstu umhverfisþætti (Umhverfisstofnun, e.d.). Einnig væri bankinn með samgöngustyrki til starfsfólks, þannig ef starfsfólk vilji til dæmis ekki koma á bíl í vinnuna þá fái það styrk til þess að kaupa sér strætókort, rafmagnshjól eða reiðhjól til að koma sér til vinnu sagði viðmælandi. Undanfarin ár eða frá og með árinu 2019 hafa viðskiptabankar hérlendis verið að reikna út kolefnissporið hjá sér út frá einungis rekstri bankana, sagði viðmælandi. Það er til dæmis eldsneytið og rafmagnið sem bankarnir kaupa ásamt helstu aðföngum. Síðan hafi aðferðafræði frá PCAF komið en PCAF stendur fyrir Partnership and Carbon Accounting Financial. Aðferðafræðin hjálpar bönkum að reikna út óbeina losun hjá sér, þar á meðal vegna útlána og fjárfestinga, sagði viðmælandi. PCAF er alþjóðlegt samstarf fjármálastofnana sem vinna saman að því að þróa og innleiða samræmda nálgun til að meta og birta losun gróðurhúsalofttegunda sem tengjast lánnum þeirra og fjárfestingum (Partnership for Carbon Accounting Financials, e.d.). Landsbankinn var fyrsti bankinn hérlendis til þess að reikna óbeinu losun sína samkvæmt aðferðafræði PCAF og er bankinn í hóp innan PCAF til þess að halda áfram að þróa aðferðafræðina, sagði viðmælandi. Í ljós kom að losun frá rekstri bankans eins og mötuneyti, bílarnir, flugferðir og þess háttar, taldi töluvert minna en eitt prósent af losun bankans, tók viðmælandi fram. Þannig að ef bankinn ætli að hafa sem mest áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda þá gæti bankinn farið að einblína á það að eiga samtöl við fyrirtækin sem hann er að lána til, hjálpa þeim að fjármagna breytingar og bjóða upp á sjálfbærar vörur til einstaklinga, sagði viðmælandi. Þannig getur bankinn haft gríðarlega mikið afl til breytinga, bætti viðmælandi við og tók fram að ef bankinn myndi einungis leggja áherslu á sjálfbærni innanhúss þá færi minni áhersla á að starfa með fyrirtækjunum, þar sem möguleikarnir liggja helst hjá fyrirtækjunum og lánveitingum. Viðmælandi sagði að þetta hafi í rauninni ekki verið ljóst fyrr en bankinn fór að skoða niðurstöðurnar úr PCAF hjá sér og nefndi hann að Íslandsbanki hafi einnig birt með ársskýrslu sinni niðurstöður sínar úr PCAF. Opnast hafi algjörlega nýr heimur, að mati viðmælanda, og auðveldara væri að sjá hvaða atvinnugreinar væru að losa mest af gróðurhúsalofttegundum. Þær atvinnugreinar sem viðmælandi sagði losa mest af

gróðurhúsalofttegundum væru flutningar til og frá landi, bæði á sjó og með flugi. Þarna geti bankinn haft miklu meiri áhrif heldur en í rauninni á eitthvað annað. Þarna séu tækifæri til þess að einblína á um það bil tíu fyrirtæki út frá þessum niðurstöðum og geti bankinn hitt þessi fyrirtæki og komist að því hvernig kostnaður muni hafa áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda, hvernig bankinn geti hjálpað fyrirtækjum í að fjárfesta í hreinni tækni eða orkunýtingu eða hvaða möguleikar séu til staðar. Horfa þarf til framtíðar og skoða hvernig þetta eigi eftir að líta út fyrir fyrirtækin næstu tíu árin, sagði viðmælandi. Þessi samtöl væru ekki að eiga sér stað ef bankinn væri einungis að einblína á sjálfbærnimál innanhúss, tók viðmælandi einnig fram. Rannsakendur tóku undir og skildu hvað viðmælandi átti við, þarna væri mikill ávinningur til staðar fyrir bankann, að vita hvaða fyrirtæki eru að losa mikið magn af gróðurhúsalofttegundum og bjóða upp á fjármögnun fyrir nýrri lausnir. Viðmælandi nefndi umföng í Greenhouse Gas Protocol, þar sem gróðurhúsalosunin hjá viðskiptavinum bankans fellur í umfang þrjú hjá Landsbankanum. Greenhouse Gas Protocol eða GHG Protocol er alþjóðlegur staðall til þess að mæla og stjórna losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstri einkageirans og hins opinbera, virðisdeðjum og mótvægisáðgerðum (Greenhouse Gas Protocol, e.d.). Þannig að ef bankinn ætli að hafa áhrif á umfang eitt og tvö hjá sér þá eru það bílarnir í eigu bankans og rafmagnsnotkunin, sagði viðmælandi. Undir umfang þrjú hjá Landsbankanum, hélt viðmælandi áfram, falla tölvur, flug, ferðir starfsmanna til og frá vinnu og útlánasafn bankans. Viðmælandi sagði að mestu áhrifin sem bankinn gæti haft þegar kemur að losun gróðurhúsalofttegunda væri í gegnum fyrirtækjalán þar sem losunin hleypur á þúsundum tonna.

Næsta spurning rannsakenda tengdist fyrri spurningu en hún var hverjir helstu kostnaðarliðir væru í dag við að viðhalda sjálfbærni í rekstri. Viðmælandi sagði það vera svipað og í svarinu við fyrri spurningu við að innleiða sjálfbærni frá upphafi en sagði þó alltaf nýja kostnaðarliði koma upp. Til dæmis eins og þegar Landsbankinn gaf út græn skuldabréf þá hafi komið inn kostnaðarliður við að fá utanaðkomandi álit en viðmælandi sagði það vera eitthvað sem að það þyrfti að endurskoða aftur eða um það bil einu sinni á þriggja ára fresti. Einnig tók viðmælandi fram að Landsbankinn hafi fengið þriðja álit á umgjörðina sem bankinn styðst við þegar hann ætlar að veita fjármagn í eitthvað. Þriðji liðurinn sem viðmælandi nefndi var upplýsingagjöfin. Viðmælandi sagði Landsbankann búa yfir sérfræðipekkingu innanhúss til þess að reikna út sjálfur losun gróðurhúsalofttegunda og því þyrfti bankinn ekki á ráðgjöf að halda frá utanaðkomandi aðilum hvað það varðar útreikninga en sagði viðmælandi þó bankann fá álit um

staðfestingu á því að allt sé gert rétt sem væri kostnaðarliður sem ætti sér stað á hverju ári. Viðmælandi taldi að helstu breytingar á næstunni yrðu innan áhættustýringar hjá bankanum og á upplýsingagjöf en krafa frá Evrópska bankaeftirlitinu væri ástæðan fyrir því. Þar sem áhættuskýrslur fara að verða mjög áhugaverðar, að mati viðmælanda og þá sérstaklega á næsta ári þar sem upplýsingagjöfin í þeim verður orðin töluvert mikil.

Því næst sneri spurning rannsakenda að ávinningi bankans á sjálfbærni en spurt var um ávinning bankans í upphafi við innleiðingu á sjálfbærni að mati viðmælanda. Fyrsti ávinningur sem viðmælandi nefndi var fjárhagslegur ávinningur. Eins og viðmælandi kom inn á fyrr í viðtalinu þá gaf Landsbankinn nýlega út græn skuldabréf og sagði bankann hafa fengið góð kjör á þeim og í sumum tilvikum betri en ef bankinn hefði gefið út hefðbundin, að öllum líkindum. Annar ávinningur sem viðmælandi nefndi var betri yfirsýn, þar sem bankinn fengi aukna vídd inn í þá starfsemi sem verið væri að lána til. Niðurstöður úr PCAF gáfu bankanum nýja innsýn inn í þau fyrirtæki sem bankinn var að lána til, til dæmis var bankinn að sjá mögulegar losunarheimildir fyrirtækjanna. Viðmælandi sagði sig hafa upplifað aukna innsýn inn í starfsemi bankans síðastliðin tvö ár. Viðmælandi sýndi rannsakendum mynd úr uppgjöri bankans þar sem sýnt var myndrænt kolefnisspor Landsbankans og að hefðbundna starfsemi bankans væri með töluvert lægri losun gróðurhúsalofttegunda heldur en lánasafn bankans sem sýndi skiptingu milli húsnæðislána, bíla- og tækjalána og að lokum fyrirtækjalána. Viðmælandi sagði þetta hafa verið mikil uppljóstrun að vera meðvituð um hvar áherslurnar eigi að liggja hjá bankanum. Myndin innihélt einnig óbeina losun vegna byggingar á nýjum höfuðstöðvum, þar með talið losun vegna framleiðslu á steypu og öllu því sem tilheyrði uppbyggingu nýju höfuðstöðvanna en hafði það þó mun lægri losun gróðurhúsalofttegunda heldur en lánasafn bankans. Því ættu áherslurnar hjá bankanum að vera á vörunum sem bankinn býður upp á til viðskiptavina og svo hvernig bankinn tekst á við fyrirtækin, sagði viðmælandi.

Rannsakendur sögðu næstu spurningu haldast í hendur við þá fyrri, hver væri ávinningur þess að viðhalda sjálfbærni í rekstri í dag. Viðmælandi svaraði að grænu skuldabréfin sem Landsbankinn gaf út væru til 4,25 ára og því þyrfti bankinn að viðhalda upplýsingum til fjárfesta sem kaupa í þessum bréfum. Viðmælandi sagði bankann því vera skuldbundinn að halda áfram að veita upplýsingar til fjárfesta. Einnig væri mikill hraði í þessum málaflokki hjá fjármálafyrirtækjum og hélt viðmælandi að vöruþróunin ætti eftir að koma enn þá sterkara inn. Landsbankinn væri til dæmis með sjálfbæran vaxtareikning, sagði viðmælandi og allt fjármagnið

sem kemur inn fyrir bankann í gegnum þessa reikninga færi í sjálfbær verkefni sem bankinn fjármagnar. Bankinn væri einnig með sjóð sem heitir eignatrygging sjálfbær sem Landsbréf, dótturfélag Landsbankans, sér um og sagði viðmælandi þetta einungis vera byrjunina. Viðmælandi taldi að gríðarlegt stökk yrði næstu tvö árin í vöruþróun hjá bankanum. Ásamt því að viðmælandi taldi að viðskiptabankarnir á Íslandi ættu eftir að koma út með mun fjölbreyttara vöruframboð tengt sjálfbærni og sagði hann það vera ávinning. Viðmælandi sagði að fjárhagslegur ávinningur ætti eftir að verða miklu stærri þegar vöruframboði færi að fjölga.

Hafa grænar fjárfestingar verið að skila sama hagnaði og þegar borið er saman við hefðbundnar fjárfestingar spurðu rannsakendur viðmælanda næst. Viðmælandi tók fram að Landsbankinn væri ekki að fjárfesta heldur einungis í lánveitingum en Landsbréf, dótturfélag bankans, væri að fjárfesta, þá yfirleitt fyrir þriðja aðila. Hins vegar sagðist viðmælandi vera mikill áhugamaður um þetta málefni og liggi mikið yfir þessu í sínum frítíma. Í rauninni væri ekki hægt að svara þessari spurningu sagði viðmælandi við rannsakendur vegna þess að rannsakendur þyrftu þá að spyrjast fyrir um hvað UFS fjárfestingar væru og hvaða mengi væri verið að skoða. Því væri þetta spurning um samanburð sagði viðmælandi og sagði hann samanburðinn oft erfiðan. En viðmælandi bætti þó við að þetta gæti veitt auka vídd inn í fjárfestingarferlið. Viðmælandi útskýrði að UFS upplýsingar aðstoða fjárfesta við að taka ákvörðun um hvort þeir vilji fjárfesta eða ekki þar sem UFS veitir fjárfestum upplýsingar um til dæmis stjórnarhætti, atvinnugeirann, hvort fyrirtækin geri ráð fyrir kostnaði vegna losunar gróðurhúsalofttegunda og svo framvegis.

Að lokum var síðasta spurning rannsakenda til viðmælanda hvort bankinn teldi það vera hlutverk sitt að koma í veg fyrir grænþvott og þá hvernig bankinn gæti komið í veg fyrir hann. Viðmælandi svaraði að Landsbankinn hugsði mikið út í þetta, hann sagði grænþvott vera mikla orðspors áhættu og því sé mikilvægt fyrir bankann að fá allt endurskoðað. Dæmi sem viðmælandi tók fyrir var kolefnissporið frá bankanum sem birtist í ársskýrslunni, það hefði verið endurskoðað af Deloitte og einnig af fyrirtækinu Turley Associates sem staðsett er í Englandi. Viðmælandi sagði endurskoðun eiga sér stað þegar Landsbankinn kaupir kolefniseiningar, til þess að fá kolefnishlutlausu (e. carbon neutral) vottun. Bankinn birti ekki endurskoðunina fyrir almenningi en að hún hafi verið mjög ítarleg, að mati viðmælanda. Þumalputta reglan væri í rauninni að ef bankinn ætli að birta eitthvað sem gæti myndað orðspors áhættu út frá grænþvotti, að þá ætti bankinn að fá endurskoðun, sagði viðmælandi. Í rauninni fá meira endurskoðað en minna tók viðmælandi einnig fram. Þegar viðmælandi var að tala um endurskoðun útskýrði hann fyrir

rannsakendum að hægt væri að fá endurskoðun á ýmsa máta og nefndi þá endurskoðun af endurskoðanda eins og bankinn fékk með grænu skuldabréfaútgáfunar. Viðmælandi sagði bankann hafa fengið Sustainalytics til þess að veita þriðja álit á því hvað Landsbankinn veitti fjármunum í og birti síðan Landsbankinn þeirra álit eins og það kom í upphafi frá Sustainalytics. Þriðja dæmið sem viðmælandi tók fyrir var áhrifaskýrslan sem var í rauninni fyrir fjárfestana sem keyptu í grænu skuldabréfaútbodum bankans.

Rannsakendur spurðu í framhaldinu hvort að viðmælandi og samstarfsfélagi hans væru í samstarfi við markaðsdeildina í bankanum, um þá hvernig þau myndu vilja að efnið væri birt eins og til dæmis vöruúrvalið. Viðmælandi svaraði því játandi og sagði að mikil umræða ætti sér stað innan bankans. Vegna þess að markaðsefnið mætti ekki vera of flókið sagði viðmælandi en mætti heldur ekki vera of einfalt til þess að veita misvísandi upplýsingar. Viðmælandi tók fram að ef það væri einhver misskilningur frá markaðsefni að þá ætti alltaf að vera hægt að fara á vefsíðu Landsbankans og fá nánari útskýringar eða fá að ræða við sérfræðinga bankans í sjálfbærni málum.

5 Umræða

Í þessum kafla verða niðurstöðurnar úr rannsókninni greindar og túlkaðar af höfundum. Markmið þessara rannsóknar var að komast að hver helstu áhrif eru við að innleiða og viðhalda sjálfbærni í rekstri hjá þremur stærstu viðskiptabönkum á Íslandi. Höfundar einblíndu á fjárhagslegu hliðina á sjálfbærni og voru því ávinningur og kostnaður meginþemu en einnig voru umhverfisleg og samfélagsleg áhrif skoðuð. Þessi kafla skiptist því upp í fimm undirkafla en þeir fjalla um sjálfbærnistefnur bankanna þriggja, áhrif sjálfbærni á viðskiptamódel þeirra, kostnaðarliði, hvata og ávinning og að lokum tækifæri til frekari þróunar á sjálfbærni í bankastarfsemi. Gerður var samanburður á milli viðskiptabankanna þar sem viðtölin og önnur útgefin gögn frá bönkunum þremur voru notuð við samanburðinn.

5.1 Sjálfbærnistefnur viðskiptabankanna

Þrjú lykilatriði viðskiptabankanna í sjálfbærnistefnum sínum, Íslandsbanka, Arion banka og Landsbankans, haldast í hendur. Svör viðmælanda frá Íslandsbanka voru áhersla á UFS þætti, að vera hreyfiafl til góðra verka og þriðja lykilatriði bankans voru heimsmarkmiðin. Viðmælandi Arion banka sagði lykilatriði bankans vera ábyrg bankastarfsemi og viðskiptahættir, UFS þættir og jafnrétti. Svör viðmælanda Landsbankans voru einnig UFS þættir, umbreytingar- og raunlæg áhætta og ábyrg bankastarfsemi. Sjá má að umhverfi, félagslegir þættir og stjórnarhættir eða UFS

staðlar eru lykilatriði sem allir viðskiptabankarnir þrír eiga sameiginleg í sjálfbærnistefnu sinni. Innleiðing UFS staðla hefur verið farsæl hjá bönkunum en allir hlutu þeir hæstu UFS einkunn eða A3 í mati frá Reitun sem birt var á árinu 2021 á heimasíðum bankanna. Reitun er óháður aðili sem starfar við greiningar og mót á fjármálamarkaði (Reitun, e.d.). UFS matið frá Reitun er áhættumat þar sem sjálfbærnistaða bankanna er metin út frá árangri, áhættu og stjórnun. Áhættumatið nýtist í lánveitingum við stýringu á eignasöfnunum bankanna ásamt því að vera upplýsingagjöf fyrir fjárfesta (Reitun, e.d.). Íslandsbanki hlaut 90 af 100 í einkunn (Íslandsbanki, 2021), Arion banki hlaut einnig 90 af 100 í einkunn (Arion banki, 2021) og Landsbankinn hlaut 88 af 100 í einkunn (Landsbankinn, 2021).

Prefalda rekstrarniðurstaðan er annar sameiginlegur þáttur í sjálfbærnistefnum bankanna. Prefalda rekstrarniðurstaðan skiptist í þrjá þætti eins og áður hefur komið fram en þeir þættir eru fólk, jörð og hagnaður. Ársskýrslur bankanna hafa orðið mun ýtarlegri en þær voru áður eða frá árinu 2019, þá fór sjálfbærni að spila stærri hluta í starfsemi bankanna og kallast skýrslurnar nú árs- og sjálfbærnisráskýrslur. Í árs- og sjálfbærnisráskýrslu kemur meðal annars fram rekstrarniðurstaða og fjármögnun tiltekins banka en þennan hluta skýrslunnar má fella undir einn af þremur þáttum þreföldu rekstrarniðurstöðunnar, hagnað. Sjálfbærnimál og umhverfisáhrif sem verða af starfseminni eru einnig ýtarlega greind í skýrslunni og má þá nefna upplýsingar um losun gróðurhúsalofttegunda út frá starfsemi bankanna. Íslandsbanki og Landsbankinn hafa nú einnig birt upplýsingar um losun gróðurhúsalofttegunda út frá eigna- og lánasafns þeirra. Þessum málaflokki árs- og sjálfbærnisráskýrslna má líkja við annan þátt þreföldu rekstrarniðurstöðunnar eða jörð. Þriðji þáttur þreföldu rekstrarniðurstöðunnar, fólk, nær yfir þau atriði í árs- og sjálfbærnisráskýrslum sem snúa meðal annars að samfélagslegri ábyrgð. Þá má nefna dæmi um þær ýmsu skuldbindingar sem bankarnir þrír hafa tileinkað sér en þær eru margar sameiginlegar milli banka. Fleiri þættir eins og áhættustýring kemur einnig fram í árs- og sjálfbærnisráskýrslu sem ekki verður fjallað um nánar í þessari ritgerð.

Sjálfbærnistefnur Íslandsbanka, Arion banka og Landsbankans eiga það einnig sameiginlegt að heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna spila stóran þátt í þeim öllum. Heimsmarkmiðin eru í heildina 17 og hefur Íslandsbanki valið sér fjögur af þessum 17 til þess að leggja megin áherslu á (Íslandsbanki, e.d.) en sama gildir um Landsbankann (Landsbankinn, 2021). Arion banki hins vegar valdi sér sex markmið (Arion banki, 2020). Í gegnum starfsemi sína vinna viðskiptabankarnir allir markvisst í átt að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna út frá

sjálfbærnistefnum sínum. Markmiðin sjálf eru einnig mörg sameiginleg meðal viðskiptabankanna en í töflu 1 hér að neðan má sjá öll þau markmið sem Íslandsbanki, Arion banki og Landsbankinn hafa valið sér og hvaða markmið eru sameiginleg. Þau markmið sem bankarnir hafa sameiginlega tileinkað sér eru markmið fimm, níu og þrettán. Bankarnir eru samstíga í áherslum sínum og gefur það til kynna hvar viðskiptabankar hérlendis geti haft áhrif.

Tafla 1:

Þau heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem bankarnir hafa lagt megináherslu á

	Íslandsbanki	Arion banki	Landsbankinn
4 Menntun fyrir alla	✓		
5 Jafnrétti kynjanna	✓	✓	✓
7 Sjálfbær orka		✓	
8 Góð atvinna og hagvöxtur		✓	✓
9 Nýsköpun og uppbygging	✓	✓	✓
12 Ábyrg neysla og framleiðsla		✓	
13 Aðgerðir í loftlagsmálum	✓	✓	✓

Önnur lykilatriði í sjálfbærnisstefnum bankanna eru einnig mun sambærilegri en gefur til kynna hér að ofan en það er einfaldlega vegna þess að bankarnir þrír skilgreina markmið sín á mismunandi hátt. Má þá meðal annars nefna áherslu Íslandsbanka á að vera hreyfiafl til góðra verka. Undir þetta markmið falla meðal annars ábyrgar fjárfestingar og lánveitingar en þessar áherslur eru í takt við meginreglur Sameinuðu þjóðanna um ábyrga bankastarfsemi (Íslandsbanki, 2021) en viðmælendur Arion banka og Landsbankans sögðu meginreglur Sameinuðu þjóðanna um ábyrga bankastarfsemi einnig vera lykilatriði í sjálfbærnistefnum sínum.

5.2 Áhrif sjálfbærni á viðskiptamódel bankanna

Sjálfbærni hefur haft margvísleg áhrif á viðskiptamódel bankanna. Hvað varðar vöruframboð þeirra þá eiga þeir það allir sameiginlegt að á undanförunum árum hafa þeir bætt við vöruframboð sitt og bjóða nú upp á einhverskonar möguleika sem styður að sjálfbærni, hvort sem það er í útlánnum eða innlánnum. Arion banki var fyrsti bankinn hérlendis til þess að bjóða viðskiptavinum sínum upp á innlánsreikning sem styður að sjálfbærni en reikningurinn, Grænn vöxtur, er óverðtryggður og óbundinn og ætlaður einstaklingum, fyrirtækjum og félagssamtökum. Grænum

vexti er ráðstafað í vistvæn verkefni í samræmi við Græna fjármálaumgjörð Arion banka (Arion banki, e.d.). Landsbankinn var næstur til þess að bjóða viðskiptavinum sínum upp á sjálfbæran innlánsreikning en líkt og hjá Arion banka er reikningurinn, Vaxtareikningur sjálfbær, óbundinn og óverðtryggður og er innlánnum reikningsins ráðstafað í takt við sjálfbæra fjármálaumgjörð bankans (Landsbankinn, e.d.). Íslandsbanki bætti svo sjálfbærum reikning við úrval innlánsreikninga sinna þetta árið, 2022. Innlánsreikningurinn, Sjálfbær sparnaður, líkist reikningum Arion banka og Landsbankans en hann er óverðtryggður og óbundinn og er öllu fjármagni Sjálfbærs sparnaðar ráðstafað eftir skilyrðum sjálfbæra fjármálaramma bankans í sjálfbærar fjárfestingar og lán (Íslandsbanki, e.d.). Bankarnir bjóða einnig allir upp á sjálfbæran sparnað í sjóðum þar sem dótturfélög þeirra nýta svo sjóðina til sjálfbærra fjárfestinga. Bankarnir þrír hafa einnig bætt við framboð sitt á lánnum og bjóða nú allir upp á svokölluð græn bílalán, skilmálar lánanna eru hins vegar mismunandi eftir bönkum. Skilyrði Íslandsbanka fyrir grænu bílaláni eru þau að útblástursgildi sé CO₂ 50 g/km eða minna. Sama gildir hjá Arion banka en einnig veitir Arion banki 100% afslátt af lántökugjaldi á rafmagnsbílum en 50% afslátt af lántökugjaldi tvinnbíla (e. hybrid car). Landsbankinn býður einnig upp á græn bílalán og gerir hann það með sömu afsláttarkjörum og Arion banki. Bæði Íslandsbanki og Arion banki bjóða svo upp á húsnæðislán á umhverfisvottuðu húsnæði og eru engin lántökugjöld af þeim lánnum hjá báðum bönkum.

Hvað varðar fjármögnun viðskiptabankanna þá hafa allir bankarnir gefið út græn skuldabréf. Íslandsbanki gaf út fyrsta græna skuldabréfið árið 2020 að fjárhæð 2,7 milljarðar króna til 5 ára. Skuldabréfið er almennt skuldabréf sem ber 3,5 % fasta vexti (Íslandsbanki, 2020). Fyrsta græna skuldabréfaútgáfa Arion banka var sumarið 2021 en í lok sama árs var bankinn með aðra græna skuldabréfaútgáfu. Fyrri skuldabréfaútgáfan var að upphæð 300 milljónir evra sem nemur rúmum 44 milljörðum íslenskra króna og voru skuldabréfin seld á kjörum sem jafngilda 0,80% álagi á millibankavexti (Arion banki, 2021). Seinni skuldabréfaútgáfan var að upphæð 3.640 milljónir króna. Skuldabréfin eru til 5 ára með föstum 4,70% óverðtryggðum vöxtum (Arion banki, 2021). Landsbankinn fór einnig í tvær grænar skuldabréfaútgáfur árið 2021. Voru báðar skuldabréfaútgáfurnar að fjárhæð 300 milljónir evra eða um 44 milljörðum íslenskra króna. (Landsbankinn, 2021). Fyrri skuldabréfaútgáfan var til fjögurra ára og bar 0,375% fasta vexti. Seinni skuldabréfaútgáfan var til fimm ára og bar 0,75% fasta vexti (Landsbankinn, 2021).

Grænu skuldabréfaútboðin gengu öll vel, þau voru á góðum kjörum og hópur fjárfesta var breiður, kom fram í fréttatilkynningum frá bönkunum þremur ásamt því að viðmælendur tóku það einnig fram í viðtölum sínum. Í fréttatilkynningu frá bankastjóra Arion banka, Benedikt Gíslasyni, sagði hann að græna skuldabréfaútgáfan myndi aðstoða bankann við að bjóða upp á betri kjör til viðskiptavina í lánveitingum sem stuðla að sjálfbærri þróun og grænni uppbyggingu (Arion banki, 2021). Lilja Björg Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans, sagði í tilkynningu við fyrstu grænu skuldabréfaútgáfu bankans að hann hefði hlotið lægstu vexti sem bankinn hefur fjármagnað sig á jafnframt því að álagið var með því lægsta sem Landsbankinn hefði fengið á erlendri útgáfu. Einnig sagði hún að með meiri breidd fjárfesta myndu möguleikar aukast á góðu aðgengi að fjármagni sem myndi aðstoða Landsbankann meðal annars við að styðja íslenskar útflutningsgreinar (Landsbankinn, 2021). Má því draga þá ályktun að helstu áhrif sjálfbærni á viðskiptamódel bankanna sé fjölbreyttara vöruúrval fyrir viðskiptavini og betri kjör við fjármögnun bankanna.

5.3 Kostnaður

Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós níu kostnaðarliði við að innleiða og þróa sjálfbærni í bankastarfsemi. Á heildina litið voru kostnaðarliðir við innleiðingu á sjálfbærni og við að viðhalda henni nánast þeir sömu. Sjálfbærni stuðlar að stöðugri þróun og því hafa kostnaðarliðirnir verið þeir sömu frá því að innleiðing hófst og til dagsins í dag. Í töflu 2 má sjá þá kostnaðarliði sem nefndir voru af viðmælendum.

Tafla 2:

Helstu kostnaðarliðir við innleiðingu og við að viðhalda sjálfbærni í rekstri

	Íslandsbanki		Arion banki		Landsbankinn	
	Innleiðing	Viðhald	Innleiðing	Viðhald	Innleiðing	Viðhald
Laun	✓	✓	✓	✓	✓	✓
Ráðgjöf	✓	✓	✓	✓		
Hugbúnaður	✓	✓				
Bílafloti	✓					
Vottanir	✓	✓	✓	✓	✓	✓
Skuldbindingar	✓	✓	✓	✓	✓	✓
Samgöngustyrkir		✓	✓	✓	✓	✓
Endurskoðun		✓	✓	✓	✓	✓
Menntun og fræðsla	✓		✓		✓	✓

Út frá niðurstöðum kom í ljós að launakostnaður hafi verið stærsti kostnaðarliðurinn við að huga að sjálfbærni í rekstri. Viðmælendur tóku einnig fram að þeir væru óvissir um hverjar upphæðirnar voru við að innleiða og viðhalda sjálfbærni. Viðmælendur nefndu allir vottanir og skuldbindingar sem kostnaðarlið þess að innleiða og viðhalda sjálfbærni í rekstri. Frá heimasíðum bankanna má sjá að allir bankarnir eru aðilar að PCAF og UN Global Compact.

5.4 Hvatar og ávinningur

Ávinningur þess að innleiða sjálfbærni í rekstur bankanna og viðhalda henni hefur skilað sér í mismunandi formum. Sem dæmi má nefna aukna starfsánægju, minnkandi áhættu í ákvörðunartöku og fjárhagslegan ávinning. Viðmælendur frá Íslandsbanka og Arion banka sögðu ávinning þess að innleiða sjálfbærni hafa verið fyrst og fremst starfsánægja þegar bankarnir tóku fyrstu skrefin í átt að sjálfbærni. Frá niðurstöðum rannsóknarinnar hljóta bankarnir margskonar fjárhagslegan ávinning af því að stuðla að og þróa sjálfbærni í rekstri. Með fjölbreyttara vöruúrvali fyrir viðskiptavini hefur skapast gríðarlegt tækifæri fyrir bankanna hvað varðar innlán. Eins og áður hefur verið nefnt þá stofnaði Arion banki árið 2020 sparnaðarreikning fyrir viðskiptavini sem

heitir Grænn vöxtur en á tveimur árum hefur reikningurinn orðið gríðarlega vinsæll meðal viðskiptavina bankans og hafa rúmar 11 milljarðar króna verið lagðar inn á reikninginn (Arion banki, 2021). Sjálfbær sparnaðarreikningur Landsbankans er einnig óbundinn og óverðtryggður (Landsbankinn, e.d.). En í skýrslu bankaráðs og bankastjóra Landsbankans fyrir árið 2021 kom fram að innlán frá viðskiptavinum hafi verið stærsti hluti fjármögnunar bankans. Einnig kom fram að heildarinnlán voru rúmir 900 milljarðar króna og innlánin voru að stærsta hluta óverðtryggð og óbundin. Í skýrslunni kom fram að aukning innlána frá viðskiptavinum óx um 107 milljarða króna, eða allt að 13,4% á milli ára. (Landsbankinn, 2021). Tækifæri til aukins fjárhagslegs ávinnings er til staðar fyrir viðskiptabankanna með bættu sjálfbæru vöruúrvali fyrir viðskiptavinum þeirra, þar sem áhugi er hjá viðskiptavinum bankanna er fyrir sjálfbærum sparnaðarreikningum.

Niðurstöðum úr viðtölum við fulltrúa bankanna sýndu að græn skuldabréfaútgáfa bankanna hafi verið á betri kjörum en þeir hafa fengið í langan tíma ásamt því að hópur fjárfesta hafi farið stækkandi. Þar sem margir fjárfestar vilja nýta sér UFS einkunnir til þess að taka upplýstari ákvarðanir um fjárfestingar sínar. Í grein frá tímaritinu *Journal of Sustainable Finance & Investment*, kom fram að margar rannsóknir hafi verið gerðar með það að markmiði að skoða hvort að neikvæð tengsl væru á milli fyrirtækja sem unnu með UFS staðla og afkomu fyrirtækja. Í greininni kom fram að niðurstöður rannsókna sýndu fram á að um það bil 90% tilvika væri ekki neikvætt samband á milli fyrirtækja sem nýttu sér UFS staðla og afkomu þeirra fyrirtækja. Einnig kom fram að meirihluti rannsókna greindi frá að UFS staðlar hafi jákvæð áhrif á afkomu fyrirtækja (Friede, G., Busch, T. og Bassen, A., 2015). Því má segja að vísbendingar séu til staðar, um að fjárhagslegur ávinningur sé af UFS stöðlum fyrir fyrirtæki.

Þriðji ávinningur sem viðmælendur bankanna sögðu frá var minni áhætta við ákvarðanatökur, þar sem sjálfbærni styður við upplýstari og gagnsærri upplýsingagjöf. Fjárfestingar eru þar af leiðandi ábyrgari og bankarnir skuldbundnir til þess að gefa frá sér ítarlegar upplýsingar til fjárfesta þegar kemur að grænum fjárfestingum, stöðu fyrirtækjanna, hvað fjármunum er varið í, hvaða áhrif lánveitingar hafa á umhverfið jafnt sem samfélagið. Með sjálfbærni að leiðarljósi geta bankar tekið upplýstari ákvarðanir þar sem margir þættir eru teknir inn í heildarmyndina. Sem dæmi, þegar litið er til UFS staðla út frá bankastarfsemi er hægt að skoða umhverfisáhrifin út frá ferðum starfsmanna, skoða launamun forstjóra hjá bankanum fyrir félagslega þáttinn í starfsemi bankans og persónuvernd viðskiptavina í stjórnarháttum bankans.


Þó svo að kostnaður fylgi því að vinna að sjálfbærni í starfsemi þá er mikilvægt að taka langtímahugsun inn í myndina þar sem framtíðin er í stöðugri þróun. Staðreyndin er sú að stjórnvöld skuldbundu sig til þess að huga að sjálfbærni þegar þau samþykktu að fylgja heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Kostnaður sem Íslandsbanki hlaut við að skipta út bílaflota sínum fyrir einungis rafmagnsbíla er skammtímakostnaður sem mun að lokum skila sér í fjárhagslegum ávinningi fyrir bankann til langs tíma lítið, þar sem rafmagn er mun ódýrara en eldsneyti á Íslandi.

Hvatar viðskiptabankanna þriggja fyrir því að innleiða og stuðla að sjálfbærni í starfsemi sinni voru ýmsir. Hægt er að flokka hvatanna í þrjá flokka: fjárhagslegir hvatar, ímynd og ánægja. Fjárhagslegur hvati er til staðar hjá viðskiptabönkunum þar sem þeir hljóta fjárhagslegan ávinning af sjálfbærri fjármögnun, líkt og af grænum innlánsreikningum og við grænar skuldabréfaútgáfur. Ímynd er annar hvatinn. Einungis einn viðmælandi minntist á ímynd bankanna sem hvata að því að stuðla að sjálfbærni en eftir fall íslensku bankanna árið 2008 var traust brotið í augum almennings (Brynjar Smári Rúnarsson og Friðrik Eysteinnsson, 2011). Fyrir bankahrunið var upplýsingagjöf ekki eins góð og þekkist í dag innan bankageirans og unnu bankarnir ekki jafn markvisst að sjálfbærni og þeir gera nú. Viðmælandi Landsbankans nefndi meðal annars að mikilvægt væri að hafa grænþvott í huga vegna orðsporsáhættu. En mikilvægt er að allar yfirlýsingar og staðhæfingar sem gefnar eru út sé hægt að standa við. Frá niðurstöðum má draga þá ályktun að viðskiptabankarnir þrír séu allir meðvitaðir um þá orðsporsáhættu sem getur myndast ef ekki er farið rétt að málunum. Þriðji og síðasti hvatinn frá niðurstöðunum er ánægja starfsmanna og viðskiptavina. Viðmælendur Íslandsbanka og Arion banka nefndu að mikið sé lagt upp úr því að sýna samfélagslega ábyrgð svo vinnustaðurinn sé heillandi meðal starfsmanna.

5.5 Tækifæri

Lánasafn viðskiptabankanna veltur á mörg þúsund milljörðum og eru mörg tækifæri sem liggja þar vegna þess hve mikil áhrif bankarnir geta haft á losun gróðurhúsalofttegunda hjá öðrum fyrirtækjum og einstaklingum sem stunda við þá viðskipti. Til þess að setja þetta í samhengi þá veltur lánasafn Arion banka í dag um það bil 900 milljörðum króna og hefur bankinn sett sér markmið um að meta umfang losunar gróðurhúsalofttegunda út frá lánasafni bankans (Arion banki, 2021). Íslandsbanki og Landsbankinn birtu í ár niðurstöður með aðferðafræðinni frá PCAF, sem metur umfang losunar gróðurhúsalofttegunda út frá lánasöfnum og fjárfestingum bankanna. Kolefnisspor af lána- og eignasafni Íslandsbanka var 360 sinnum stærra en kolefnisspor af rekstri

bankans á árinu 2020 og var lánasafn Íslandsbanka 93% af heildar kolefnisspori bankans (Íslandsbanki, 2022). Niðurstöður PCAF fyrir Landsbankann sýndu að fyrirtækjalánin hafi verið stærsti þátturinn hvar varðar losun gróðurhúsalofttegunda bankans eins og sjá má á mynd 4 hér að neðan, samanborið við aðrar lánveitingar og starfsemi bankans þar sem uppbygging nýrra höfuðstöðva Landsbankans var einnig með í reikningnum.



Mynd 4: Heildar kolefnisspor Landsbankans (Landsbankinn, 2021)

Niðurstöður Íslandsbanka og Landsbankans um kolefnisspor lána- og eignarsafns bankanna er tækifæri fyrir viðskiptabankanna til þess að hafa sem mestu áhrif út frá háttsemi lánveitinga. En þær starfsgreinar sem voru með hæstu losun gróðurhúsalofttegunda í PCAF niðurstöðum Íslandsbanka og Landsbankans voru fyrirtæki sem starfa í iðnaði, flutningum og geymslum.

6 Lokaorð

Markmið þessarar rannsóknar var að komast að því hver helstu áhrif væru við að innleiða og viðhalda sjálfbærni í rekstri stærstu viðskiptabanka Íslands. Ekki er einungis hægt að einblína á innleiðingu sjálfbærni þar sem sjálfbærni er í stöðugri þróun og tekur því engan endi og því var einnig skoðað hvernig viðskiptabankarnir hafi sinnt sjálfbærni frá innleiðingu. Megináhersla var lögð á helstu kostnaðarliði og ávinning en aðrir þættir sem viðkoma sjálfbærni voru einnig rannsakaðir og má þá nefna sjálfbærnistefnur bankanna, áhrif sjálfbærni á viðskiptamódel þeirra og hvar þeir geti haft sem mestu áhrif í starfsemi sinni. Rannsókn þessi fólst í hálf-stöðluðum viðtölum við sérfræðinga í sjálfbærni hjá Íslandsbanka, Arion banka og Landsbankanum ásamt því að fleira útgefið efni af bönkunum var jafnframt nýtt við greiningu niðurstaðna.

Niðurstöður viðtalanna leiddu í ljós að margir áherslupættir í sjálfbærnistefnum bankanna eru þeir sömu líkt og ábyrg bankastarfsemi, UFS staðlar og stuðningur við heimsmarkmiðin. Ólíkt er þó meðal bankanna þriggja hvernig þeir skilgreina áherslur sínar og virðast þær því ólíkari en þær í raun eru. Í ljós kom að allir viðskiptabankarnir eru með hæstu einkunn í UFS mati frá Reitun. Bankarnir standa því sig vel í málefnum umhverfis, félagslegra þátta og stjórnarháttá. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru einnig mörg sameiginleg á milli bankanna en allir leggja þeir megináherslu á markmið um jafnrétti kynjanna, nýsköpun og uppbyggingu og aðgerðir í loftlagsmálum. Íslandsbanki var eini bankinn sem valdi menntum fyrir alla í sjálfbærnistefnu sinni og Arion banki jafnframt eini bankinn með heimsmarkmiðið ábyrg neysla og framleiðsla í sinni sjálfbærnistefnu. Helstu breytingar sem orðið hafa á viðskiptamódelum bankanna vegna sjálfbærni er breiðara vöruúrval og grænar fjármagnanir.

Sömuleiðis sýna niðurstöðurnar að kostnaðarliðir við innleiðingu og við að viðhalda sjálfbærni voru þó nokkrir en þar var launakostnaður sá allra stærsti. Ávinningur af innleiðingu á sjálfbærni fólst í fyrstu í aukinni starfsánægju en í framhaldi af því hafi fjárhagslegur ávinningur orðið af sjálfbæru vöruframboði og fjármögnun bankanna. Með aukinni áherslu á sjálfbærni hefur gagnsæi einnig aukist sem hefur orðið til þess að lægri áhætta sé til staðar við ákvörðunartöku í starfsemi. Út frá sjálfbærniadgerðum viðskiptabankanna þriggja er hægt að svara rannsóknarspurningunni, kostnaður vegur ekki þyngra en ávinningur við innleiðingu og við að viðhalda sjálfbærni í rekstri þriggja stærstu viðskiptabanka Íslands. Viðskiptabankarnir þrír vinna vel að sjálfbærni og eru með skýrar sjálfbærnistefnur. Þrátt fyrir þessar skýru stefnur mætti brýna á hvernig bankarnir ætli sér að ná markmiðum sínum og hvernig þeir ætli að fylgja skuldbindingum

sínum eftir. Sem dæmi má nefna eru viðskiptabankarnir þrír aðilar að ábyrgri bankastarfsemi en hvergi er hægt að finna á heimasíðum þeirra hvernig þeir innleiddu sex meginreglur ábyrgrar bankastarfsemi og hvernig þeir ætli að halda áfram að sinna þeim.

Að lokum, þá eru niðurstöður um losun gróðurhúsalofttegunda samkvæmt aðferðafræði PCAF út frá útlánasafni Íslandsbanka og Landsbankans byltingakenndar upplýsingar fyrir viðskiptabankanna. Niðurstöðurnar gefa skýra mynd af því hvaða geirar menga mest út frá starfsemi sinni og hvar áherslur bankanna ættu að liggja. Aðgerðir og áhrif viðskiptabankanna út frá þessum niðurstöðum er umfangsefni til frekari rannsóknar. Ljóst er að sjálfbærni er komin til að vera í bankastarfsemi á Íslandi. Svo efnahagur haldi stöðuleika til framtíðar er mikilvægt að hann þróist í takt við umhverfið og samfélag.

7 Heimildaskrá

Arion banki. (2020). *Árs- og samfélagsskýrsla 2020*.

<https://arsskyrsla2020.arionbanki.is/islenska/samfelag-og-umhverfi/abyrg-bankastarfsemi/>

Arion banki. (2020). *Grænn sparnaður*. <https://www.arionbanki.is/bankinn/starfsemi/graen-framtid/graenn-sparnadur/#main>

Arion banki. (7. júlí 2021). *Arion banki gefur út græn skuldabréf í fyrsta sinn fyrir 30 milljónir evra*. <https://www.arionbanki.is/bankinn/starfsemi/sjalfbaerni/frettir-af-samfelagsabyrgd/2021/07/07/Arion-banki-gefur-ut-graen-skuldabref-i-fyrsta-sinn-fyrir-300-milljonir-evra/>

Arion banki. (16. nóvember 2021). *Arion banki aðili að PCAF – aðferðafræði til að meta og birta fjármagnaða losun GHL*.

<https://www.arionbanki.is/bankinn/starfsemi/sjalfbaerni/frettir-af-samfelagsabyrgd/2021/11/16/Arion-banki-adili-ad-PCAF-adferdafraedi-til-ad-meta-og-birta-fjarmagnada-losun-GHL/>

Arion banki. (Nóvember 2021). *Samantekt á UFS áhættumati*.

https://www.arionbanki.is/themes/arionbanki/arionbanki/documents/Frettir/Arion%20banki_UFS%20reitun%20_%20Samantekt%20%C3%A1%20ni%C3%B0urst%C3%B6%C3%B0um%202021.pdf

Arion banki. (20. desember 2021). *Græn innlán tengjast Grænni fjármálaumgjörð Arion banka*.

<https://www.arionbanki.is/bankinn/starfsemi/sjalfbaerni/frettir-af-samfelagsabyrgd/2021/12/20/Graen-innlan-tengjast-Graenni-fjarmalaumgjord-Arion-banka/>

Arion banki. (21. desember 2021). *Græn skuldabréfaútgáfa Arion banka í íslenskum krónum*.

<https://www.arionbanki.is/bankinn/starfsemi/sjalfbaerni/frettir-af-samfelagsabyrgd/2021/12/21/Graen-skuldabrefautgafa-Arion-banka-i-islenskum-kronum/>

Arion banki. (2021). *Árs- og sjálfbærnesskýrsla 2021: Ábyrg bankastarfsemi*.

<https://arsskyrsla2021.arionbanki.is/islenska/okkar-sjalfbaerni/abyrg-bankastarfsemi/>

Arion banki. (2021). *Reporting and Self-Assessment Template 2021*.

<http://arsskyrsla2021.arionbanki.is/library/Files/abyrg-bankastarfsemi/PRB%20framvindusk%C3%BDrsla.pdf>

Arion banki. (e.d.) *Græn framtíð: Grænn vöxtur*.

<https://www.arionbanki.is/bankinn/starfsemi/graen-framtid/graenn-sparnadur/>

Arion banki. (e.d.) *Stefna Arion banka um sjálfbærni*.

<https://www.arionbanki.is/bankinn/starfsemi/sjalfbaerni/>

Bankasýsla ríkisins. (26. febrúar 2018). *Sala á 13,0% eignarhlut íslenska ríkisins í Arion banka hf. – fréttir*. <http://www.bankasysla.is/fjolmidlar/frettir/nr/367/>

Bankasýsla ríkisins. (2022). *Eignir: Íslandsbanki*. <http://www.bankasysla.is/eignir/islandsbanki/>

Bankasýsla ríkisins. (2022). *Eignir: Landsbankinn*.

<http://www.bankasysla.is/eignir/landsbankinn/>

Brundtland, G. H. (1987). Our common future: Call for action. *Environmental Conservation*, 14(4), 291-294.

Brynjar Smári Rúnarsson og Friðrik Eysteinnsson. (13. apríl 2011). *Traust til banka í kjölfar bankahruns* [Ritrýnd grein]. Vorráðstefna Viðskiptafræðistofnunar Háskóla Íslands. Reykjavík.

https://skemman.is/bitstream/1946/8629/1/17.Traust%20til%20banka_bankahrun_Brynjar_Fridrik.pdf

Carroll, A. B. (1991). The pyramid of corporate social responsibility: Toward the moral management of organizational stakeholders. *Business Horizons*, 34 (4), 39-48.

[https://doi.org/10.1016/0007-6813\(91\)90005-G](https://doi.org/10.1016/0007-6813(91)90005-G)

Cicero. (e.d.) *Independent and research based: Leading global provider of Second Opinions on green bonds*. <https://cicero.green/>

EY Ísland. (e.d.) *Þjónustan*. <https://www.ey.is/is/thjonustan-okkar>

Fernando, J. (19. ágúst 2021). *Stakeholder*. Investopedia.

<https://www.investopedia.com/terms/s/stakeholder.asp>

- Festa. (e.d.) *Heimsmarkmiðin* <https://samfelagsabyrgd.is/verkefningin/heimsmarkmidin/>
- Festa. (e.d.) *Hvað er sjálfbærni og samfélagsábyrgð?*
<https://samfelagsabyrgd.is/samfelagsabyrgd/>
- Fjármála- og efnahagsráðuneytið. (Janúar 2018). *Skipulag bankakerfis: Tillögur nefndar um skipulag bankastarfsemi á Íslandi.*
<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=7397bcff-0ce4-11e8-9424-005056bc4d74>
- Friede, G., Busch, T. og Bassen, A. (2015). ESG and financial performance: Aggregated evidence from more than 2000 empirical studies. *Journal of Sustainable Finance & Investment*, 5(4), 210-233.
- Friedman, M. (2007). The Social Responsibility of Business Is to Increase Its Profits. *In Corporate ethics and corporate governance (bls. 173-178)*. Springer, Berlin, Heidelberg.
https://doi.org/10.1007/978-3-540-70818-6_14
- Furlow, N.E. (2010). Greenwashing in the New Millenium. *The Journal of Applied Business and Economics*, 10(6), 22. <http://www.m.www.na-businesspress.com/JABE/jabe106/FurlowWeb.pdf>
- Global Reporting Initiative. (e.d.) *About GRI*. <https://www.globalreporting.org/about-gri/>
- Greenhouse Gas Protocol. (e.d.). *About us*. <https://ghgprotocol.org/about-us>
- Heimsmarkmiðin. (e.d.) *Heimsmarkmiðin: Um sjálfbæra þróun.*
<https://www.heimsmarkmidin.is/forsida/heimsmarkmidin/>
- Íslandsbanki. (19. nóvember 2020). *Íslandsbanki gefur út fyrstu grænu skuldabréfaútgáfu íslensks banka.* <https://www.islandsbanki.is/is/frett/islandsbanki-gefur-ut-fyrstu-graenu-skuldabrefautgafu-islensks-banka>
- Íslandsbanki. (2020). *Sustainable Financing Framework.*
https://cdn.islandsbanki.is/image/upload/v1/documents/ISB_Sustainable_Financing_Framework.pdf

Íslandsbanki. (Febrúar 2021). *Sjálfbærnistefna Íslandsbanka*.

https://cdn.islandsbanki.is/image/upload/v1/documents/Sjalfbaernistefna_Islandsbanka_2019.12.13.pdf

Íslandsbanki. (Apríl 2021). *Samantekt á UFS áhættumati*.

https://cdn.islandsbanki.is/image/upload/v1/documents/Islandsbanki_UFS_reitun_Samantekt_a_nidurstodum_IS_2021.pdf

Íslandsbanki. (15. febrúar 2022). *Rekstur Íslandsbanka áfram kolefnishlutlaus*.

<https://www.islandsbanki.is/is/frett/rekstur-islandsbanka-af-ram-kolefnishlutlaus>

Íslandsbanki. (2022). *Financed emissions: Initial PCAF results for 2020 and 2019*.

https://cdn.islandsbanki.is/image/upload/v1/documents/Islandsbanki_financed_emissions_2020_2019.pdf

Íslandsbanki. (e.d.) *Sjálfbær sparnaður*. <https://www.islandsbanki.is/is/vara/sparnadur/sjalfbaersparnadur>

Íslandsbanki. (e.d.). *Stuðningur Íslandsbanka við heimsmarkmiðin*.

<https://www.islandsbanki.is/is/grein/studningur-islandsbanka-vid-heimsmarkmidin>

Jón Gunnar Bernburg. (2005). *Hvernig útskýrir maður aðferðafræði félagsvísinda?*

Vísindavefurinn. <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=5420>

Keldan. (e.d.). *300 stærstu fyrirtækin*. <https://leit.keldan.is/Lists/Generic/2>

Klappir. (e.d.) *Snjöll leið að sjálfbærni*. <https://www.klappir.com/is>

Kolviður. (e.d.). *Um okkur*. <https://kolvidur.is/um-okkur/>

KPMG. (e.d.). *KPMG í stuttu máli*. <https://home.kpmg/is/is/home/about/kpmg-i-stuttu-mali.html>

Landsbankinn. (18. febrúar 2021). *Landsbankinn gefur út græn skuldabréf í evrum*.

<https://www.landsbankinn.is/bankinn/fjarfestatengsl/frettir/landsbankinn-gefur-ut-graen-skuldabref-i-evrum>

Landsbankinn. (10. júní 2021). *Kolefnislosun í lánasafni (PCAF)*.

https://www.landsbankinn.is/uploads/documents/bankinn/sjalfbaerni/Kolefnislosun_PCAF.pdf

- Partnership for Carbon Accounting Financials. (e.d.). *About: An industry-led partnership to facilitate transparency and accountability of the financial industry to the Paris Agreement*. <https://carbonaccountingfinancials.com/about>
- Páll Hreinsson, Sigríður Benediktsdóttir og Tryggvi Gunnarsson (ritstj.). (2010). *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tenfdir atburðir* (bindi 7). <https://www.rna.is/media/skjol/RNABindi7.pdf>
- Reitun. (e.d.). *Sjálfbærni greiningar og UFS mót*. <https://www.reitun.is/sjalfbaernigreiningar>
- Reitun. (e.d.). *Um Reitun: Fyrirtækið*. <https://www.reitun.is/um-reitun>
- Shamdasani, P., Chon-Lin, G. and Richmond, D. (1993). Exploring green consumers in an oriental culture: Role of personal and marketing mix factors. *Advances in consumer research*, 20, 488-493. <https://www.acrwebsite.org/volumes/7504/volumes/v20/NA-20/full>
- Sigurthorsson, D. (2012). The Icelandic Banking Crisis: A Reason to Rethink CSR? *J Bus Ethics* 111, 147-156. <https://doi.org/10.1007/s10551-012-1207-8>
- Sjálfbærni er forsenda samkeppnishæfni. (2021, 26. febrúar). *Fréttablaðið*. <https://assets.kpmg/content/dam/kpmg/is/pdf/2021/03/Vidal-Helga-Hardardottir-og-Bjarni-Herrera.pdf>
- Slack, N. og Brandon-Jones, A. (2019). *Operations Management* (9. útg.). Pearson.
- Sustainalytics. (2021). *How Today's Banks are Adopting ESG-Based Strategies to Become More Sustainable*. <https://connect.sustainalytics.com/hubfs/SCS/SCS%20Infographics/Infographic-How-Banks-are-Adopting-ESG-Based-Strategies-to-Become-More-Sustainable.pdf>
- The Investopedia Team. (23. febrúar 2022). *Environmental, Social, and Governance (ESG) Criteria*. Investopedia. <https://www.investopedia.com/terms/e/environmental-social-and-governance-esg-criteria.asp>
- Umhverfisstofnun. (e.d.). *Hvað er svanurinn?* <https://svanurinn.is/um-svaninn/>

Umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytið. (26. ágúst 2020). *Umhverfisábyrgð fyrirtækja*.

Stjórnarráð Íslands. <https://www.stjornarradid.is/verkefni/atvinnuvegir/umhverfisabyrgd-fyrirtaekja/>

United Nations Environment Programme. (e.d.) *Our members*. <https://www.unepfi.org/members/>

United Nations Environment Programme. (e.d.) *Principles for responsible banking: About the principles*. <https://www.unepfi.org/banking/bankingprinciples/more-about-the-principles/>

Vallance, S., Perkins, H. C., Dixon, J. E. (2011). *What is social sustainability? A clarification of concepts*. Elsevier.

https://projects.acm.edu/content/documents/no_public_access_vallence_2011.pdf

World Economic Forum. (September 2020). *Measuring stakeholder capitalism: Towards common metrics and consistent reporting of sustainable value creation*.

https://www3.weforum.org/docs/WEF_IBC_Measuring_Stakeholder_Capitalism_Report_2020.pdf

8 Viðauki A: Spurningalisti

1. Hver eru 3 lykilatriði í sjálfbærnistefnu bankans?
2. Hver eru helstu áhrif innleiðingar sjálfbærni á viðskiptamódel bankans?
3. Hverjir voru hvatarnir, þegar litið er til fjárhagslegra-, umhverfislegra- og félagslegra þátta, fyrir því að leggja ríkari áherslu á sjálfbærni?
4. Getur þú sagt okkur frá helstu kostnaðarliðum sem bankinn stóð frammi fyrir í upphafi á innleiðingu á sjálfbærni?
5. Hverjir eru helstu kostnaðarliðir í dag við að viðhalda sjálfbærni í rekstri?
6. Hver var ávinningur bankans í upphafi við innleiðingu sjálfbærni að þínu mati?
7. Hver er ávinningurinn við að viðhalda sjálfbærni í rekstri í dag?
8. Hafa grænar fjárfestingar verið að skila sama hagnaði og þegar borið er saman við hefðbundnar fjárfestingar?
9. Hverjir eru helstu kostir og gallar við grænar fjárfestingar að þínu mati?
10. Telur bankinn það vera hlutverk sitt um að koma í veg fyrir grænþvott (e. greenwashing) og þá hvernig getur hann komið í veg fyrir það?